

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1998

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- Coloured covers / Couverture de couleur
- Covers damaged / Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing / Le titre de couverture manque
- Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material / Relié avec d'autres documents
- Only edition available / Seule édition disponible
- Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.
- Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- Additional comments / Commentaires supplémentaires: Text in Icelandic.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured pages / Pages de couleur
- Pages damaged / Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached / Pages détachées
- Showthrough / Transparence
- Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression
- Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire
- Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible.
- Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposant ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir la meilleure image possible.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

	10x		14x		18x		22x		26x		30x	
					✓							
	12x		16x		20x		24x		28x		32x	

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:




National Library of Canada

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

Bibliothèque nationale du Canada

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.


Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

•

S Ö G U R
B R E I Ð A B L I K A

TÍU SÖGUR.

SÍRA FRIDRIK J. BERGMANN
þýddi.



ÚTGEFANDI : ÓLAFUR S. THORGEIRSSON.
WINNIPEG 1919.

PN6120

.6

S64

1919

SÖGURNAR.

1. Litli Kroppinbakurinn. Eftir
Henri Conti 1—14
2. Harmsaga listarinnar. Eftir
Henri A. Horwood 15—23
3. Síðasta kenslustundin. Eftir
Alphonse Daudet 24—30
4. Lúganó-æfintýrið. Eftir
Antonio Fogazzaro 31—46
5. Sigríður stórráða. Eftir
Selma Lagerlöf 47—61
6. Síðasta ferð læknisins. Eftir
Ian Maclaren 62—71
7. Óhappa-óskin. Eftir
Catulle Mendés 72—77
8. Jankó og fiðlan. Eftir
Henryk Sienkiewicz 78—91
9. Gestur töframannsins. Eftir
ókunnan höfund 92—98
10. Kjörsonurinn. Eftir
Guy De Maupassant 99—107

PN6

• 6

SG4

1910

Síðan „Breiðablik“ hættu að koma út 1914, hefi eg haft í huga að gefa út í bókarformi, hinar einkar fögru smásögur sem þar birtust, svo að segja í hverju blaði. Sögur þessar eru vafalaust eitt best valið smásögusafn, sem nokkurt íslenskt tímarit hefir flutt, og meginíð af þeim þýddar af ritstjóra „Breiðablika“, síra Friðrik J. Bergmann, sem eins og kunnugt er, fórust þau verk svo snildarlega úr hendi. Hér koma þá tíu af þessum sögum, sem eru hver annari fegurri að innihaldi og máli, og sumar þeirra hreinustu gimsteinar í bókmentunum. Eg veit þessar sögur verða mörgum kærkominn gestur.

Áður langt líður kemur framhald.

ÚTGEF.

LITLI KROPPINBAKURINN.

Eftir HENRI CONTI.

Það var nærri komið kveld. Gráu skuggarnir voru smám saman að lengjast, en stjörnurnar blikuðu eins og einhver ósýnileg risahönd hefði stráð út gullpeningum. Loftblærinn var unaðslega mildur. Undir trjáröðinni með fram Marceari-stræti voru tveir ungir elskendur á gangi. Þau ganga hlið við hlið, leiðast, ganga ofur hægt. Tala brosandi, með viðkvæmnis-glampa í augum sér og blíðmæli á vörum.

Læknirinn nafnfrægi, Claude Charlin, stóð á loftsvölunum á húsi sínu, studdist við olnboga og lændi á eftir þessum ungu elskendum. En fljótt verður hann hugsi og angurvær, eins og sýn þessi taki á hann. Hann bítur saman vörunum og augun eru döpur og dreymandi í rökkurskímunni. Ó, aldrei hefir hann þekt þenna barnslega, ákafa fögnuð ástarinnar! Aldrei hefir ástmey gengið við

hlíf honum, því hinn nafnfrægi Claude Charlin er náttúrunni til smánar; hann er dvergfaxinn kroppinbakur.

Líf hans var fyrst stöðugt píslarvætti, svo hvíldarlaust erfiði. Í fæðingarþorpi sínu var hann eins konar óhamingjubarn. Fæðing hans kostaði móður hans lífið. Hann var veimiltítulegur, — vanþrifa úrhvak bræðra sinna, sem atyrta hann og misþyrmdu honum. Það var eins og daggardropi félli á hjarta hans, svo glaður varð hann, daginn, sem presturinn, er tekið hafði að sér að menta hann, lét hann vita, að prófið hefði hepnast og að hann hefði verið tekinn inn í skólann sem nýsveinn. Vesalings einmana drengnokkinn fylltist svo barnslegum fögnuði, að hann hélt, að í skóla myndi einstæðingskapur hans hætta. Hann ímyndaði sér, að hann myndi eignast einhvern lagsbróður og lifa nýju lífi, þegar einhver væri til að taka þátt í sorg hans og gleði. Þessi unaðslega tilhugsun var bóla, sem brast um leið og gímmúðugur veruleiki skólalífsins birtist honum. Skólabræður hans voru auðugir piltar, sterkir, vel vaxnir drengir, og hann vesalings strák-hnokki, bóndasnáði með kryppu í baki, sem allir gerðu sér að skyldu að setjast á. Hve oft litli nýsveinninn grét í rúminu sínu í svefnskálanum, — lá á grúfu, og bældi vitin niður í koddann, til að kæfa gráthljóðið. Hve mikið hann myndi hafa gefið á þessum óskaplegu einstæðingsdögum til þess að eiga móður, — að fá að hvíla í faðmi hennar, taka í hönd henni, heyra blíðmálu röddina hennar bera fram nafnið hans —

nafnið hans, sem nú hafði orðið að víkja fyrir auknefninu „dvergur“ og hrópað var eftir honum af skólabræðrum hans og götustrákum.

Loks var skólakvölunum lokið eftir níu ár. Claude var nálega tvítugur!

Tvítugur! Þá er tími ástanna. En hann átti ekki kost á öðru, vesalingur, en fáeinum dagdraumum. Yndislegar voru þær flögrandi ummyndunar stundir, þegar einstæðingurinn varð að karlmanni, — kallaði *hana* fram eins og með einhverjum töfrum, sá *hana* með hálflokuðum augunum, fagra, skáldlega, góða, eins og álfadrotningu. Hann lét drauminn fá fult vald á sér og heit viðkvæmnisbylgja fyllti huga hans. Yndislegt var það að verða þessa var, þó afturkast tilfinningarinnar yrði nokkuð sárt, þegar draumurinn breyttist í veruleik.

En nú var langt síðan, er þessar sýnir, þessi fjörildi æskunnar höfðu flogið á braut. Claude Charlin er nú fertugur; hann er alvörumaður og reynir ekki framar að leita undanhalds frá veruleikanum inn í heim sjónhverfinganna. Hann hefir vaðið út í annríkið með öllum sínum hæfileikum og öllum sínum þrótti, eins og sumir nýir liðsmenn vaða út í orustur í því skyni annaðhvort að öðlast eilífa hvíld eða verða frægir menn. Nú er kryplingurinn kominn út úr orustunni með frægðina. Hann er orðinn nafntogaður maður. Hann er orðinn stórmennið Charlin. Þegar hann fer um strætin, heyrir hann nafn sitt nefnt með alvörublæ og menn þagna við lítið eitt, þegar þeir hafa nefnt hann; með þeim hætti er talað um fræga menn.

Er öll hamingjan í þessu fólgin? Fáeinum tilslökunum við metnaðarhug mannanna? Vitaskuld hefir hann næma og innilega ánægju af starfi sínu, uppgötvunum sínum, aðdánlegum skýringum sínum, en stundum er heilinn þreyttur. Það er Protevs-hugurinn einn, sem stöðugt fær fögnuð sinn endurnýjaðan. En eru kryplingar með nokkurt tilfinninga-tildur? Blessaður vertu, Claude Charlin, þú ert orðinn mikill maður og það ætti að vera þér nóg. Eini fögnuðurinn, sem áhyggjufull sál þín getur veitt viðtöku, er sá að finna sjálfa sig lyftast upp einstöku sinnum, þegar einhver móðir-in tekur í hendina á þér við rúmið barnsins hennar; þú hefir bjargað því úr dauðans greipum, — og hún kyssir á hendina á þér og þú finnur hlýjuna aukast við það, að tár kemur á höndina. Blæði hjarta þínu eins og í æsku, finnur þú einhverja mikla auðn í huga þínum — gott og vel, þá lýkur þú upp þessum stóru bókum í einhverju horni í bókhöðu þinni og fer að vinna. Þetta varð úr draumunum og svona leið rökkrið.

II.

„Nei, læknir, eg hefi ekki hug til að segja henni það. Gerið þér það fyrir mig, að segja henni það sjálfur. Blessað barnið mitt! Þér vit-ið það með vissu, alveg með vissu, að hún verður alt af fötluð? —“

„Því miður, eg veit það alveg með vissu, frú mín góð. Eins og eg sagði yður, er engin hættá á, að nauðsyn beri til þess að taka fótinn af. En þó

ekki sé gert annað en það. sem gera varð í gær, verður dóttir yðar æfinlega hölt.“

Þetta var áköf hugraun fyrir móðurina, en hún stilti sig tafarlaust, fór með læknum og lét ekki á því bera, að henni væri neitt órótt.

„Jæja, hvernig líður okkur þá í dag, ungfrú góð,“ sagði Claude. Málrómurinn var iðdurlegur, alvarlegur, og örfandi, eins og læknum og prestum er títt, þegar þeir tala við sjúklinga.

„Mér líður bærilega rétt sem stendur, en kvölin kom aftur í morgun og var æði-sár,“ mælti stúlkan. Hún reyndi að brosa ástúðlega, en henni veitti það örðugt.

„Einmitt það! Nú skulum við sjá, hvernig það hefst við,“ sagði Claude og lyfti upp jaðrinum á rekkjuvoðinni. Hann fór þegar að losa umbúðirnar af vinstra fætinum með mestu varúð og var lengi að skoða sárið, hvesti á það augun, hnyklaði brýrnar og notaði sarakannann. „Einmitt það!“ sagði hann alvarlega og hristi höfuðið.

Á snöggri breytingu, sem varð á rómlaginu, varð stúlkan þess áskynja, að slæm tíðindi væri á ferðum; hún einblíndi á læknum með viðkvæmni og óróleik, er sýndi, að hún þráði að komast að sannleikanum.

„Ójá, það er meir en lítið alvarlegt,“ svaraði Charlin þessari þögulu spurning; hann las út úr henni hugrekki og þolgæði.

„En, en ---“ stamaði stúlkan og varð alt í einu náfól; þér ætlið ekki að taka hann af?

Ó nei, nei! En ---“

„Eg verð líklega æfinlega hölt?“

Móðirin snökti, þar sem hún stóð við fótagaflinn á rúminu. Stúlkan skildi; tár hneig niður kinn hennar.

„Aumingja Louise!“ sagði móðirin, og tók hönd barnsins og beygði sig niður til að kyssa hana á ennið og dylja tárin.

„Ver þú ekki sorgbitin, móðir mín, eg ætla að biðja þig þess! Ef eg verð hölt, má eg því oftast til að grípa í handlegginn á þér og með því móti verð eg hjarta þínu nær.“

Þetta var mælt af ósúngirni svo mikilli og viðkvæmni, að Charlin gat ekki annað en komist við. Hve tilfinninganæm hún hlýtur að vera, þessi stúlka, og hve göfugt hjartalag hún má hafa, til að geta gleymt svona eigin sorgum sínum og sýnt öðrum svo mikið ástríki! Það varð djúp þögn fáein augnablik. Þessar tvær konur fengu engu orði komið upp og Charlin komst jafnvel í mikla geðs hræring. Hann sagði við móðurina um leið og hann stóð á fætur til að fara:

„Nú þarf mín ekki lengur við, frú mín góð. Samt ætla eg með leyfi yðar að koma við og við, til þess að vita, hvernig þessari ungu stúlku líður“.

Móðirin misskildi hvað átt var við með þessum orðum, stóð hikandi og öttaðist háa skulda-reikninginn, sem heimsóknir hans myndi hafa í för með sér; þá sagði hann:

„Eg bið um þessa greiðvikni eins og vinur; eg hefi valdið nógum sársauka, eins og læknir“.

Það leið ekki á löngu áður Claude Charlin kom

aftur. Að tveim dögum liðnum var hann þar. Þrem dögum þar á eftir kom hann enn ; svo kom hann annan hvern dag ; síðan á hverju kveldi. Hann gekk inn, brosandi, og sagði: „Gott og vel ! Hún er með glöðu bragði í dag“. Svo gekk hann beint að rúminu, þreifaði á æðinni, breytti um umbúðir, mælti nokkur glaðvær hughreystingarorð, sem gáfu góðar vonir, og settist að lokum á stóra hægindastólinn við tebollann, sem gufuna lagði upp úr. Þá hvarf læknirinn með öllu. Það var ekkert eftir af Charlin lækni, heldur var þar að eins lítill maður með gáfulegt andlit ; einlægnin og mannvitið skinu framan í honum, þessum litla manni, sem masaði í sífellu, glaður eins og fugl.

Ósjaldan, þegar hann hafði verið sem fjörugastur að masa, leit frú Barenne upp úr hannyrðunum og sagði brosandi með góðlátlegri gletni:

„Mikill ágætis lögfræðingur hefðuð þér getað orðið, Charlin!“

Hann brosti, Louise brosti, svo varð þögn ; þau voru ánægð. Þá kom eitthvert nýtt hnittiyrði frá sæng sjúklingsins, sem var í afturbata, --- nýtt sjónarmið, nýtt sönnunargagn, ef til vill. Hún talaði eins og alvörugefin kona, vel mentuð, laus við tilgerð og tepruskap, og hvesti augun, sem lesa mátti úr einlægni og ráðvendni, á hann, sem hún var að tala við. Lund hennar var eins og Claude hafði þegar gert sér í hugarlund, ósérplægin, áköf, full örgeðja ástríkis.

Og svona var talað þangað til klukkan tíu. stundum lengur ; öll þrjú voru ánægð í þessu sam-

úðar-loftslagi, sem nærri því breyttist í viðkvæmni; því öll þrjú voru blátt áfram, einlæg, grímulaus. Ef til vill er það of mikið sagt, að þau hafi verið grímulaus, að minsta kosti þar sem læknirinn var, því hann hafði á sér grímu, sem var honum til mikillar byrði. Hann var ástfanginn, þessi vesalings mikli maður, og það eins og barn. Á kveldin, þegar hann fór heim, lifði hann í fögrum draumum, á sama hátt og hann hafði gert á tvítugs-aldri, og sá þá fyrir framan sig í skuggsýninu í lokaða vagninum sínum, hátt, fölleitt enni, sem dökk-jarpt hár lagðist utan að, beint nef, rauðar varir, sem smágerfar, hvítar tennur gægðust út á milli, þegar bros kík : m þær ; og innan um þessa andlitsdrætti tvö stór, gagnsæ augu, blíð og brosandí, sem lýstu alt upp.

III.

„Herra Charlin! Þér! Læknirinn! Louise! Þér biðjið mig um hönd hennar nú, þegar hún er fötluð!“

Og svo algerlega varð frú Barenne yfirkominn af þessari snöggu geðshræring að hún gleymdi ljótum líkamsskapnaði Charlins; hún sá ekki lengur dverginn, heldur ei. Þis þenna nafnfræga lækni, sem hafði heiðrað hana með vináttu sinni. Og það var þessi nafntogaði maður, sem bað um hönd dóttur hennar ---- vesalings fatlaða barnsins hennar!

En þessi tilfinning varaði að eins skamma stund. Alls konar endurminningar risu upp í huga

hennar um ýmsa forboða þessarar ástar, sem nú var játuð svo óvænt. Og mjög bráðlega hvarf nafntogaði maðurinn og hún hafði einungis fyrir sér vininn alkunna, sem svo mörg kveld hafði hjá henni verið, gestinn unaðslega og lítilláta, sem hún var farin að virða og elska fyrir nokkurra vikna náinn kunningsskap og tala við um alt, sem henni lá á hjarta, fyrst um barnið sitt, sem hún vildi gefa fullkomið frjálsræði til að velja; og að síðustu um fjárhag sinn og stöðu í mannfélaginu. Þær voru fátækar. Hún var ekkja undirforingja, sem fallið hafði í hernum og Louise hafði neyðst til að penta postulín. Þær sneiddu sig hjá samkvæmislífinu, en lifðu einmana og út af fyrir sig.

En hvað gerði alt þetta Claude til? Auðlegð? Hann vann sér inn alt sem hann vildi. Að Louise var fötluð? Hann blessaði hana fyrir það! Hefði hún ekki verið fötluð, myndi honum þá nokkurn tíma hafa til hugar komið að giftast henni, --- hann, úrhrak bæjarins, skóladvergurinn, maður, sem dæmdur var til að lifa einmana lífi. Hann var fötur og órólegur með angist í hjarta og hugsaði einungis um vanskapnað sinn. Kryppuna! Skyldi hún tala um kryppuna hans? Nei, hún sagði ekkert orð um hana, en lét hann fara og bauð honum ástúðlega að koma annað kveld og lofaði honum, að hún skyldi tjá Louise bónorð hans, þegar hún kæmi heim, því blessaður sjúklingurinn hafði haft fótaferð í meir en viku.

Hann mátti til með að biða tuttugu og fjórar klukkustundir eftir þessa heimsókn; það er að segja

eilífan ópreyjutíma, --- ástarþrá, sem lætur allar hugmyndir standa á höfði í kalli þínum og kemur þér til að hugsa eins og vindhani! Og vissulega hugsaði mikilmennið Charlin eins og vindhani, þrátt fyrir alla þekking, reynslu og alvörugefni. Hann gat naumast sofið, því hann horfði inn í ókomna tímann og þar þyrluðust alls konar endurminningar, göfugar fyrirætlanir og sorgblandinn ótti hvað innan um annað. Ástarbros, er hún eitthvert skifti hafði gefið honum, samúðarglampi í augum hennar annað skifti, hvornig hún hafði tekið í hönd hans einhvern dag — allir þessir smámunir urðu honum unaðslegir spádómar. En svo kom ímyndunaraflið með alls konar snöggar tilbreytingar, nýjan efa og ótta, sem gerði hann afvana og lét hitaveiki kvíðans færast um hana allan.

Svo gekk hann upp stigann næsta morgun með hugsýki í hjarta og stóð hikandi við hverja loftskör. Þegar hann loks komst að dyrum frú Barenne, varp hann öndina hvað eftir annað, þurkaði svitann af brá sér og hringdi dyrabjöllunni. Einhver opnaði hurðina, en hann hrökk aftur á bak; þarna var hún fvrir framan hann og rétti honum hönd sína. Hann greip hana, hélt í hana, augun urðu blíð og vot, er þau mættust. Hann sagði: „Elsku-Louise!“ Hún svaraði: „Elsku-Claude!“ Og svona stóðu þau fáein augnablik, héldu hvort í annars hönd, horfðu hvort á annað með áfergju ástarinnar, brosandí og óumræðilega sæl!

HARMSAGA LISTARINNAR.

Eftir HENRI A. HORWOOD

Litil, fölleit kona í sorgarbúningi barði að dyrum, skjálfandi hendi.

„Fyrirgefið mér,“ sagði hún, þegar hurð var opnuð, „er ungrú Helga heima?“

„Já, eg er hún; viljið þér ekki koma inn?“

Gólfíð var stráð kössum og gömlum og fáránlegum húsmunum, sem einhvern tíma höfðu verið notaðir til að standa í fjarsýni á málverkum. Upplitað veggfóður lá í hrúgum á stólbökunum.

„Fyrirgefið hvernig hér lítur út,“ sagði listakonan; „eg er lélegasta hirtniskvendi, sem til er. Eg leigi konu smám saman til að koma og dusta ofurlítið af. Sjálfa mig get eg aldrei fengið til að gera neitt þess konar, hversu mörg góð áform sem hjá mér fæðast. En eg held nú samt, að hér sé stóll einhverstaðar undir þessu gamla skrani. Hamingjan góð! Eg veit ekki um nokkurn hlut, nema þegar konan er alveg nýfarin. Æ, hérna er hann

þá ; við getum kastað þessum bókum á gólfid. En eftir á að hyggja, því erum við að koma upp öllu þessu ryki og láta yður líða eins og þér væruð kom-in inn í einhverja skranbúð? Við skulum ganga inn í vinnustofuna mína. Þar held eg að skaplegast geti farið um mann“.

Helga var lítil vexti, hárið stutt eins og á karl-manni, hreyfingar hennar og málfæri ókvenlegt.

„Gerið svo vel að hafa enga fyrirhöfn fyrir mér,“ sagði konan í sorgarbúningi. Eg má ekki --- eg ætti ekki að tefja lengi“.

Það var eins og einhver titringur væri á henni ; hún kom manni fyrir sjónir eins og hind, sem vilzt hefir inn á ókunna stigu og hættulega.

„Haldið ekki. að þér tefjið nokkuð fyrir mér ; þetta er einn þeirra daga, sem mér er ómögulegt að mála nokkuð“.

Gesturinn þagði. Hún fór að virða fyrir sér mynd á veggnum, Listakonan rýndi framan í hana, --- en lét þó móðan mása.

„Eg sé einungis eina hlið tilverunnar,“ hélt hún áfram. „Listin er mér alt ; hún hefir ávalt verið það. Eg hefi aldrei lært svo mikið sem að sópa gólf eða sjóða kjötbita“.

Listakonan vissi naumast um hvað hún var að tala ; hún var eitthvað svo undarlega utan við sig. Að framkomuháttum og hugarstefnu voru þær augsýnilega hvor annari jafn fjarlægjar og heimskautin.

„Þér vitið líklega ekki hver eg er,“ sagði ekkjan hikandi. „Eg er ekkjan hæn. Hávarðar“.

„Mér datt það í hug,“ sagði listakonan með hægð. „Hávarður talaði mikið um yður við mig“.

Hvorugri varð neitt að orði fáein augnablik; af innri eðlis hvöt hneigðu báðar höfuð, þegar nafn hans var nefnt.

„Eg kom til að tala um hann við yður,“ sagði ekkjan. „Líklega hefði eg ekki átt að gera það; en þér þektuð hann svo vel“.

Ekkjan talaði þýðum rómi og barnslegum. Viðkvæmnin í röddinni hreif huga hinnar konunnar undarlega mikið, hvað fult af heimshyggju, sem hjarta hennar var.

„Mér þykir vænt um, að þér komuð. Mig langar til að kynnast yður, — hefir langað til þess lengi, en hefi einhvern veginn aldrei haft tækifæri til þess“.

Ekkjan leit til hennar, undrandi. Þetta var ekki konan, sem hún hafði búist við að hitta. Það var alt önnur kona, sem risið hafði upp í huga hennar, þegar hún hafði hugsað til hennar á sorgardögum.

„Þér eigið þó ekki við, að yður hafi langað til að heimsækja mig?“ spurði ekkjan með furðusvip. Það var svo ólíkt því, sem hún hafði átt von á að heyra.

„Jú, einmitt. En ---- misskiljið mig ekki“, sagði listakonan hægt og þýðlega.

Þær höfðu setið svo, að hæfilega langt var á milli þeirra, en nú stóð listakonan á fætur og færði sig með nokkurum ákafa nær gesti sínum.

„Hafið þér tekið eftir þessari mynd — mynd-

inni af móður og barni?" spurði hún. Og án þess að biða svars hélt hún áfram: Sumir segja að þetta sé bezta myndin, sem eg hefi nokkurn tíma málað, það eruð þér", bætti hún við lágum róm.

„Eg?“

„Já, það eruð þér. Hávarður sagði mér frá yður. Hann talaði svo oft um yður, um hætti yðar, fegurð yðar, augun yðar, yndisleik yðar. Ó, hann sagði mér það alt, — mér --- sem tók mér það svo nærri“.

Augu listakonunnar urðu tárbot. Hún þagnaði, til að fá vald yfir sjálfri sér.

„Hann talaði svo oft um kyrláta framferðið yðar“, hélt hún áfram, lægra róm. „Hann sagði mér, að þér væruð von að lesa hátt, sauma eða syngja gamla söngva og --- fylla heimilið ilm og unaði. Eg tók mér það nærri. En nótt eina sá eg sýn. Mynd sannrar konu — eiginkonu og móður birtist mér. Eg málaði það, sem eg sá í draumi, og svo er búið. Það var fyrsta sinni, að mér tókst að mála kvenlega konu. Eg er það ekki sjálf, eins og þér vitið“, og hún brosti hálf raunalega og sneri sér undán að þerra tár. „Er hún svo mjög ólík?“ spurði hún og reyndi að hafa sem bezt vald yfir sjálfri sér.

„En hvernig kom yður til hugar að mála mynd af mér?“

„Af því eg elskaði svona konu, og elskaði hana, af því að eg gat aldrei náð henni. Ó, nú er eg svo þakklát að hafa hana fyrir augum. Eg þrái eiginleikana, sem eg gaf þessari konu. Vitið þér,

að mér finst eg oft vera eins hælislaus og Adam, þegar hann var rekinn úr Paradís. Eg, sem er kona. Eg, sem átti móður, góða, ágæta móður. Móðurhvötin var líka fædd með mér; hún var hjá mér eins og öllum konum. En hún hefir frosið eða dáíð. Að eins endurminningarnar lifa. Eg elskaði listina; alt, sem fyrir augun bar, varð að list, en í vitstola ákafa eftir henni hefi eg glatað eiginleikunum, sem skapa hana. Eg er persónugerfing listarinnar nú — steingerfing, ef yður þóknast; en ósjaldan þráir sál mín rýmri heimkynni“.

„Haldið nú ekki að það sé heimsku minni og flýsjungshætti að kenna, að eg tala svo tí yðar fyrsta skifti er fundum ber saman“, hélt listinn áfram, eftir nokkura þögn. „En viljið þér lofa mér þessu? Komið smám saman til mín. Er það ekki undarlegt annars, að eg skuli biðja yður þess? En mig hefir ávalt langað til þess — að vera vinkona yðar. Og þó er það eigingirni. Eg hefi engan rétt til þeirrar beiðni“.

„Það skal vera ánægja að koma, ef þér viljið“, sagði ekkjan. „Eg kom að finna yður í dag, af því þér þektuð Hávarð svo vel og mig langaði svo sárt að tala um hann. Það er enginn, sem eg get talað um hann við eins og yður. Þér ætlið mig ekki lakari konu fyrir það? Þér voruð honum miklu meiri meðhjálpari en eg. En eg elskaði hann og eg var honum eins vel og mér var unt“.

„Hefir yður til hugar komið, að eg hafi verið

Hávarði meiri meðhjálp en þér? Guð minn góður!
Ef eg að eins hefði getað það!

„En það hafði þér víst verið, er ekki svo?“
spurði ekkjan.

„Verið! Þér ættuð að þekkja hann betur en eg. Við þektum hann báðar, sem mikinn mann og góðan. Við elskuðum hann, hvor með sínu móti. Já, eg elskaði hann. Eg elskaði hann með allri þeirri ást, sem til var í hjarta mínu“.

Listakonan brá höndum fyrir augu sér: tárin létu ekki stemma sér stigu. En svo vatt hún sér með snöggri líkamshreyfingu að ekkjunni, eins og hún kærði sig alt í einu ekkert og tók utan um litlu höndurnar hennar. „Eg elskaði Hávarð og eg elska minning hans nú“, það var bæði skjálfti og hraði í röddinni. „Yðar elska var ást sannrar konu; mín ----“. Hún stóð á fætur, gekk fram og aftur um herbergið, nam svo staðar fyrir framan ekkjuna og hélt áfram: Eg er ekki kona — eg er hvorki karl né kona. Eg er ekkert. Enginn getur elskað mig og engum get eg verið meðhjálp. Ó, skiljið þér mig ekki? Eg er að eins list“.

Listakonan gekk um gólf — gekk enn þangað, sem ekkjan sat og varpaði sjálfri sér ráðþrota að fótum hennar. Þær horfðu hvor annari í augu, fullar af volæði sorgar og saknaðar.

„Þér ættuð eigi að hugsa svo“, sagði ekkjan. “Þér getið ekki gizkað á, hve oft eg hefi þráð að vera lík yður! Þér kunnið að mála. Ó, hvað eg hefi þráð að hafa vit á því. Hávarður var vanur að tala um það, sem hann hafði fyrir stafni og sýna

mér fram á, hvað vænt sér þætti um það. Og mig langaði svo sárt að vera við hlið hans og taka þátt í því með honum. En eg gat það aldrei. Þess vegna hugsaði eg til yðar eins og eg gerði. Eg öfundaði yður slík undur. Þér gátuð séð hann að vinnu og þér höfðuð vit á að hjálpa honum og veita honum þann andlega fögnuð, sem hann þráði. Reiðist mér ekki, þó eg væri afbrýðissöm".

Listakonan horfði henni í augu. Augu sjálfrar hennar flutu í tárum. En það var bros á andliti hennar, sem lýsti eins og regnbogi gegnum skúr. Svo varð svipurinn raunalegur aftur.

„Vesalings barn!“ sagði hún. „Ilamingjusama barn! En eg vesalingur! Í öllu lífi mínu hefi eg aldrei fundið jafn-sárt til og einn dag fyrir fáum árum. Það er svo lifandi núna. Mig hefir svo oft tekið í það sár síðan“.

Heit tár runnu niður andlit henni. Hún var frá sér; það var fyrsta sinni, sem hún hafði um það talað. Þýðlega strauk ekkjan hönd hennar og talaði blíðlega til hennar, eins og hún var vön að tala við litla barnið sitt.

„Eg elskaði Hávarð“, hélt listakonan áfram. „Eg elskaði jörðina, sem hann gekk á. Ó, að eg skyldi þora að segja yður það — mig langaði til að hjálpa honum. Að helga honum líf mitt. En eg fann það ávalt, að fögnuður ástar hans yrði aldrei fyrir mig. Hann elskaði kvenlega konu og eg vissi, að einhvern dag myndi hann finna hana. Þá sagði hann mér, að þið væruð trúlofuð. Þegar hann gekk frá mér þann dag, réð eg mér ekki, það var

eins og hjartað hefði brostið. En nú er eg ekki svo eigingjörur lengur. Hans vegna er eg glöð, að hann varð svo sæll í ást sinni“.

„Var hann sæll?“ Ekkjan þreif um arm hinnar konunnar. „Var hann lukkulegur?“

„Var hann lukkulegur! Vitið þér ekki, að eftir að hann giftist yður, málaði hann myndina af Jóhannesi guðspjallamanni og alt hið bezta, sem eftir hann liggur? Vitið þér ekki, að það voruð þér, sem blésuð honum í brjóst hugmyndinni, sem felst í málverki hans „Boðskapurinn“, sem aldrei mun deyja, en setja nafn hans í tölu ódauðlegra listamanna? Vitið þér ekki, að ást yðar til hans og hans til yðar kveikti hjá honum einn dýrlegasta eld, sem brunnið hefir í mannlegu brjósti?“

„Ó, eg veit það. Guð komi til! Ef eg hefði getað gert annað eins fyrir hann! Ef eg hefði getað hjálpað honum í einhverju smáatriði, hvíllk sæla mér hefði verið það. En þó við værum eitt listinni, snurtu sálir okkar aldrei hvor aðra. Við vorum úr tveim ólíkum heimum“.

Ekkjan klappaði einstæðingnum. Hún strauk aftur viltu, stuttu, ótömdu hárlökkana, laut niður og kysti raunalega andlitið. Listakonan leit til hennar með þakklæti. Hvorug talaði meðan fögnurinn yfir samfélagi sálnanna var í hjörtum þeirra.

„Komið, sitjið hérna við hlið mér“, sagði ekkjan eftir langa, dreymandi þögn. „Við skulum tala um Hávarð. Hvílið höfuð yðar við brjóst mér, — svona. Hávarður vildi að við vær-

um til vana. Upp á síðkastið færði hann það oft í tal. Hann var slíkur ágætis þrekmaður í öllu. Eða var ekki svo?"

SÍÐASTA KENSLUSTUNDIN.

Eftir ALPHONSE DAUDET.

Eg varð síðbúinn til skólans, morguninn þann, og var lafhræddur við að fá skútur, einkum þar sem *Hamel* skólameistari hafði ráðgert, að hlýða okkur yfir um hluttaksorðin og í því kunni eg ekki skapaðan hlut. Í bili kom mér til hugar að stelast burt og vera úti allan daginn. Veðrið var svo heitt og hjart. Fuglar sungu í skógarjaðrinum. Og á opnum velli, bak við sögunarmýlnuna, voru prússneskir hermenn að æfa sig. Alt þetta var mér miklu meiri freisting en reglur um hugtaksorð, en eg var nógu sterkur á svelli til að standast og flýtti mér til skólans.

Þegar eg fór fram hjá bæjarráðstofunni, sá eg mannþyrping standa fyrir framan fregnborðið. Síðustu tvö ár höfðu allar illar fréttir birzt þar — fregnir um, að við hefðum orðið undir í orustum, nýtt herlið, sem kalla þyrfti, tilskipanir herforingjans, -- og eg hugsaði með sjálfum mér:

„Hvað skyldi nú vera uppi á tening?“

Um leið og eg flýtti mér fram hjá eins fljótt og eg mátti, kallaði járnsmiðurinn eftir mér; hann var þar að lesa fregnirnar og sveinninn hans líka:

„Flýttu þér ekki svona, hnokki; þú kemst nógu snemma í skólann!“

Eg hélt, hann væri að skopast að mér og var lafmóður, er eg komst inn í garðinn litla til Hamels.

Vanalega var mikill gauragangur, er skóli átti að byrja, er heyrðist út á stræti; skrifborð voru opnuð og lokað um leið, lexíur þuldar af mörgum í einu, miklu skvaldri, lófar fyrir eyrum til skilnings auka, en kennarinn að slá í borðið með reglustikunni. En nú var dúnalogn! Eg hafði gert mér von um að komast að mínu skrifborði í gauraganginum, án þess tekið yrði eftir. En viti menn, það var eins og alt þyrfti að vera með kyrð og spekt þenna dag eins og sunnudagur væri. Gegnum gluggann sá eg sambekkinga mína, hvern í sínu sæti,— og Hamel, skólameistari, að ganga um gólf, með járn-reglustikuna óttalegu undir hendi sér. Eg varð að opna dyrnar og koma inn, svo allir blíndu á mig. Þið megið nærri geta, að eg blóð-roðnaði út undir eyru, svo hræddur var eg.

En ekkert bar við. Hamel kom auga á mig og sagði vingjarnlega mjög:

“Flýttu þér í sætið þitt, Franz litli. Við ætl-
uðum að fara að byrja án þín.”

Eg stökk yfir bekkinn og settist við skrifborðið mitt. Eg tók ekki eftir því fyrr en eg var búinn að ná mér eftir fátíð, að kennarinn okkar var í fallega græna frakkanum sínum, skyrtnni með

pípufellingunum og dálitla svarta silki húfu út-saumaða, sem hann aldrei hafði, nema þegar um-sjónarmaður var á ferð, eða útbyta átti verðlaun-um. Auk þess virtist honum öll skólabörnin með furðu og hátíðarsvip. En það sem olli mér mestrar furðu var að sjá bæjarfélkið sitja með sömu kyrð og við í baksætunum, er ávalt voru auð. Þar var Hósi gamli, með hattinn sinn þríhýrnda, fyrrver-andi borgarstjóri, fyrrum póstmeistari, og ýmsir aðrir að auk. Raunasvipur var á öllum. Hósi gamli hafði komið með stafrófskver, með miklum fingraförum, og hann hélt því opnu á knjám sér og gleraugun hans lágu yfir opnuna þvera.

Er eg var mest að furða mig á öllu þessu, steig Hamel skólameistari í stól sinn og sagði sömu hátíðlegu en þýðu rödd, sem hann hafði talað í við mig :

„Börn mín, þetta er síðasta kenslustundin mín með ykkur. Tilskipan hefir komið frá Berlín um að einungis þýzka skuli kend í skólum Elsz og Lotringen fylkjanna. Nýi skólameistarinn kemur á morgun. Þetta er síðasta frakkneska kenslu-stundin. Þið verðið að taka vel eftir.“

Þetta féll yfir mig eins og reiðarslag.

Ó, þorpararnir ; þetta voru fregnirnar, sem festar höfðu verið upp á bæjar-ráðstofunni.

Síðasta kenslustundin á frakknesku. Og eg,— eg, sem ekki kunni að skrifa ! Þá gat eg ekkert lært frammar. Eg varð þá að hætta þarna ! Hve eg iðraðist nú eftir að hafa vanrækt lexíurnar til að leita að fuglshreiðrum, eða renna mér á Soir-

ánni. Bækurnar, sem voru mér áður svo leiðar, svo þungar að bera, málmyndalýsingin og heilagra manna sögur, voru nú orðnir gamlir vinir, sem eg gat ekki slitið mig frá. Og Hamel skólameistari, líka. Hugsanin um, að hann yrði að fara burtu, að eg sæi hann aldrei framar, kom mér til að gleyma öllu um reglustiku hans og skapsmuni.

Vesalingur! Hann hafði klæðst sparifötunum sínu í lotningarskyni við þessa síðustu kenslustund, og nú fór mér að skiljast hví gamlir bæjar menn sátu aftast í skólahúsinu. Það hlaut að vera vegna þess þeir sæi líka eftir að hafa ekki fært sér skólann betur í nyt. Á þann hátt voru þeir að tjá kennaranum okkar þakkar fyrir fjörutíu ára trúna og dygga þjónustu og að sýna um leið lotningu fyrir landinu, sem þeir áttu ekki lengur.

Meðan eg sat í heilabrotum um allt þetta, heyrði eg nafn mitt kallað. Það átti að hlýða mér yfir. Dýrt hefði eg nú viljað kaupa, að geta nú komið með regluna hræðilegu um hluttaksorðin alla saman, háum og hreinum rómi, án þess að reka í vörður. En eg ruglaðist í fyrstu orðunum, stóð þarna og hélt mér í borðið, heyrði hjartslátt sjálfs mín og dirfðist eigi upp að líta. Eg heyrði, að Hamel sagði við mig:

„Eg ætla ekki að veita þér neinar ákúrir, Franz litli. Þér hlýtur að líða nógu illa samt. Sér þú nú, hvernig það er? Á hverjum degi höfum við sagt með sjálfum okkur: Ó, eg hefi nógan tíma. Eg skal læra það á morgun! Og nú sjáið þið, hvert við erum komin. Ó, þetta er meinið hér

í Elsas; hér hafa menn frestað lærdómnum til morguns. Nú hafa þessir kumpánar þarna úti á-stæðu til að segja við ykkur: 'Hvernig stendur á því? Þið látist vera Frakkar og þó kunnið þið hvorki að tala né rita málið ykkar'. En þú ert ekki sá lakasti, vesalings Franz. Við höfum allir mikið að ásaka okkur um.

„Foreldrar ykkar létu sér ekki nógu ant um, að þið lærðuð. Þeir vildu heldur, að þið færuð að vinna bændavinnu, eða læra mylnustörf, til þess að hafa meiri peningaráð. Og eg? Sjálfum mér hefi eg mikið um að kenna líka. Hefi eg eigi stundum sent ykkur til að vatna blómunum mínum, í stað þess að láta ykkur læra? Og þegar mig langaði til að veiða fisk,—gaf eg ykkur þá ekki frídag?“

Hamel hyarf frá einu til annars. Hann talaði um frakkneska tungu, taldi hana fegurst tungumál í víðri veröld,—ljósast og rökréttast. Brýndi fyrir okkur að varðveita það og gleyma því aldrei, því eins lengi og ánauðug þjóð héldi fast í tungu sína, hefði hún lykilinn að þrisundinni. Hann opnaði mállýsingarþókinu og las fyrir okkur kaflann fyrirsetta. Mig furðaði, hvað vel eg skildi. Alt, sem hann sagði, virtist mér svo auðvelt, svo auðvelt. Eg held líka, að eg hafi aldrei hlustað eins vel, og að hann hafi aldrei skýrt neinn hlut með svo mikilli þolinmæði. Það leit út eins og vildi vesalings maðurinn troða í okkur öllu, sem hann vissi, áður hann hyrfi brott, og gera það alt í einu. Næst málmyndalýsing, lét hann okkur skrifa

um stund. Hamel hafði gefið nýjar forskriftarlínur þann dag með yndis fagurri rithendi : *Frakkland, Elsas, Frakkland, Elsas*. Þær voru yfir skólaborðunum okkar þarna í salnum eins og fánar. Þið skylduð hafa séð, hvernig allir keptust við ; alt var kyrlátt. Eina hljóðið var frá pennunum, er þeir fóru yfir pappírinn. Eitt sinn komu nokkurar stórar flugur inn ; enginn veitti þeim nokkura athygli, eigi heldur minstu snáðarnir, þeir héldu áfram að draga öngla, eins og það væri frakkneska líka. Úti á þakinu kurrudu dúfur lágt og eg hugsaði með sjálfum mér :

„Skyldu þeir láta þær kurra á þýzku — dúfurnar líka ?”

Hvert sinn er eg leit upp frá skriftinni, sá eg Hamel sitja hreyfingarlausan á stóli og hvíma frá einu til annars, eins og hann væri að festa í huga sér, hvernig alt liti út í skólaherberginu litla. Hugið ykkur um ! Fjörutíu ár hafði hann verið þarna á sama stað, með garðinn fyrir utan gluggann og skólabörnin fyrir framan sig, öldungis á sama hátt og nú. Að eins höfðu borð og bekkir slitnað. Valhnotartrén í garðinum höfðu hækkað og humallinn, er hann hafði gróðursett, vafðist um glugga og þak. Hve það hefir skorið hann í hjarta, vesalings mann, að yfirgefa það. Að heyra hana systur sína vera í önnum uppi á lofti að koma öllu niður í kofort. Því næsta dag ætluðu þau að fara úr landi.

En hann hafði þrek til að hlýða yfir í öllu, unz alt var búíð. Á eftir skriftinni hlýddi hann yfir í sögu. Þar á eftir fóru yngstu krakkarnir að

stafa *ba, bé, bí, bó, bú*. Aftast í herberginu var Hósi gamli búinn að setja upp gleraugun, hélt á stafrófskverinu báðum höndum, og stafaði með krökkunum. Allir sáu, að hann var líka að reyna ; röddin skalf af geðshræringu, og það var svo skrítið að heyra til hans, að við ætluðum öll að fara að hlæja og skæla. Ó, hve vel eg man eftir henni, þessari síðustu kenslustund.

Alt í einu sló kirkjuklukkan tólf. Svo *Angelus*. Í sama bili dundi hljóðið í bumbum Prússa undir gluggunum okkar. Hamel skólameistari stóð á fætur fögur, *náfögur*, upp úr stólnum. Eg sá hann aldrei jafn-hávaxinn.

„Vinir mínir,“ sagði hann. „Eg—eg“. En kökkur reis upp í háls honum. Hann fekk eigi haldið áfram.

Þá sneri hann sér að töflunni, tók kítarmola og reit með hraða, eins stórum stöfum og hann mátti :—

“*Vive La France!*” (Lengi lifi Frakkland!).

Svo stóð hann kyr, hallaði höfði upp að veggnum og án þess að segja eitt orð, bandaði hann hendi frá sér :

„Skólinn er úti—þið megið fara !”

LÚGANÓ-ÆFINTÝRID.

Eftir ANTONIO FOGAZZARO.

Meðan eg var ógiftur, dvaldi eg oft í sumarleyfinu í indæla skemtibústaðnum mínum við Lúganó-vatnið.

Mestan hluta dagsins var eg þá einn á vatninu í litla bátnum mínum í fiskimannabúningi með fáeinar bækur og fiskiáhöld mín.

Einhvern morgun nam eg staðar milli tveggja kletta gengt Lúganó,—á einslegum bletti og ljótum. Allan morgun hafði eg verið að fiska og ekki orðið var og sat nú í skugga, þreyttur og óánægður; eg heyrði þá alt í einu byrsta rödd og lágan hlátur og síðan dálítil hljóð, sem koma virtist frá fólki, er erfitt átti með að stíga niður hæðina. Brátt varð eg var forkunnar friðrar stúlku, er studdist við sólhlíf og var að hjálpa annarri hér um fjórtán ára. Að síðustu kom roskinn herramaður í ljós, er komst ofan með því að halda sér í grasið og rumdi ákaft. Þegar þau komust niður á sléttuna, tóku þau upp úr körfu brauð og smjör, vín og aldini og tóku að

eta. Herramaðurinn holdugi með grátt vanga-skegg virtist hafa ímugust á nærveru minni, en eldri stúlkan leit mig snöggvast hornauga og sagði á ensku með fyrirlitningsvip.

„Fiskimaður!“

Eg tók mér þetta ofurlítið nærri og eg held, eg hafi jafnvel roðnað. Þau héldu áfram að snæða og hlógu dátt, en eg hafði nóg með að hugsa um ungu stúlkuna, sem sagt hafði: „fiskimaður“. Eg kunni dálítið í eusku, en furðaði þó, hve vel eg skildi, einkum eldri stúlkuna, sem talaði sérlega skýrt. Þegar herramaðurinn holdugi hafði lokið við heila hrúgu af brauðsneiðum, fór hann að gjöra ráð fyrir að snúa aftur til Lúganó, en mér skildist hann enga löngun hafa til að klífa hæðina aftur, til að komast að ferjustaðnum hinum megin.

„Skyldi þau ekki undrast“, sagði eg við sjálf-an mig“, ef eg segði nú, brosandi og kurteislega, við þau: ‘Þurfið þér á bát að halda, jungfrú, og á fiskimanni til róðrar? Má eg fara með yður út á spegillfagran vatnsflötinn?’“

Nei það var heimska. Hvernig myndi mér líða, ef unga stúlkan færi að hlæja að mér? Gæti eg sagt henni: „Vara þú þig, jungfrú, eg kann Byron!“ Nei, nei, það væri of heimskulegt. Í stað þess tók eg fiskiáhöld mín saman og stakk bók eftir Heine, sem eg var að lesa, undir dýnu. Eg gekk svo beint til herramannsins holduga, hneigði mig dálítið, og spurði á ítölsku, hvort hann þyrfti á bát að halda til Lúganó.

Herramaðurinn leit framan í ungu stúlkuna

eldri og skýrði hún honum frá boði mínu. Bend-
ing mín virtist falla honum vel í geð og hann svar-
aði greiðlega :

„Já, já ; Lúganó“.

„En betra væri að gæta að bátnum fyrst, faðir
minn“, sagði unga stúlkan hæversklega. „Mér er
illa við fiskibáta ; þeir eru skitnir og daunillir“.

Hin stúlkan hljóp þegar ofan að ánni og um
leið og hún komst þangað tók hún að hrópa :

„Harriet, Harriet !“

Jungfrú Harriet virtist koma það á óvart, að
báturinn var hinn skrautlegasti, með þægilegum
leðurdýnum. Jafnvel herramaðurinn með ístruna
tók því með fögnuði.

„Spyr þú, hvað kosti, Harriet,“ sagði hann.
„Þessir fiskimenn eru slíkir ræningjar !“

Eg gat ekki látið vera að brosa og vera ofur-
lítið þakklátur, þegar jungfrú Harriet svaraði :

„Hann lítur ekki út eins og ræningi, þessi !“

Svo sneri hún sér að mér og sagði með yndis-
legum ensk-ítölskum framburði :

„Hvað mikið til Lúganó ?“

Hún roðnaði dálítið við að tala ítölsku.

Það var svo ánægjulegt að horfa á hana með-
an hún roðnaði og stóð þegjandi fáein augnablik.

Eg svaraði fljótt og umhugsunarlaust :

„Fimmtíu *centesimos*“.

„Hvað mikið sagði hann?“ spurði faðir hennar.
„Seg þú, að það sé of mikið, Harriet !“

„Það er ekki of mikið, faðir minn, að eins lítil-
ræði, nálægt fimmtíu aurum“.

Hópurinn steig á skip. Vatnið var slétt eins og spegill. Leiðin til Lúganó var stutt, en eg verð að játa, að eg var í engum flýti. Enginn veitti mér neina eftirtekt og eg gat virt Harriet fyrir mér eins lengi og eg vildi. Mér fanst eg geta róið í r-ánuð, ef eg mætti hvísla einu vinarorði inn í litla eyrað hennar svo hún heyrði; og í heilt ár, ef eg fengi að kyssa á mjúka vangann, án þess að verða rækur.

„Mikil ósköp!“ rumdi í gamla herramanninum, meðan eg sat og var hugsí: „Við komum ekki til Lúganó fyrr en á morgun! Harriet, skipa þú þessum lata strák að taka betur í árinna“.

Vænt þótti mér um, þegar Harriet svaraði, að vatnið væri iðdælt, en Lúganó leiðinleg. Svo sneri hún sér að mér, og spurði, hvað fjallið hétí í nánd við Vasolda.

„Piccò Cressognó“, svaraði eg.

Hún skildi mig ekki og systir hennar hló. Eg sagði því brosandí á frönsku.

„Þorpið, sem þér sjáið þarna, heitir Cressognó.“

Jungfrú Harriet leit undrandí til mín og eg flýtti mér að segja, að eg hefði verið ferjumaður á Genfer-vatni. Samtalið fór nú að verða fjörugt. Herramaðurinn gamli skildi ekki eitt orð í frönsku og jungfrú Berta mjög lítið, en Harriet talaði hana ágætlega. Hún spurði mig margra spurninga. Og af því mig langaði til að vera skemtilegur, gleymdi eg mér og talaði líkara listamanni en fiskimanni. Eg sýndi henni litla sumarþustaðinn minn í fjarska

og sagði henni, að þar byggi ungur rithöfundur ítalskur, sem eg oft væri að ferja um vatnið, einkum í stormi. Eg fór að lýsa náttúrufegurð stormsins fyrir henni, æstum öldum og þess konar.

„Harriet“, sagði herramaðurinn. „Hvernig segja menn, 'ró þú!' á ítölsku?“

„*Remare*“, sagði hún.

Svo sneri hann sér að mér og sagði með áherzlu :

„*Remare! remare!*“

Eg fekk ekki varist hlátri og ungu stúlkurnar hlógu með mér.

„Eg held hann sé býsna greindur,“ sagði jungfrú Berta.

„Hver veit?“ svaraði faðir hennar;“ hann kann sannarlega að rausa en ekki er hann laglegur. Það má sjá það á stóru eyrunum hans, að hann er reglulegur fiskimaður.

Alt í einu gjörði hann þá meinlegu uppgötvan, að eg væri eins og hann „Kobbi okkar.“ Hver gat „Kobbi okkar“ verið?

Stúlkurnar höfðu svo ákaft á móti þessu, að eg ályktaði, að „Kobbi“ hlyti að vera apaköttur. Yngri stúlkan talaði mínu máli af mestu prýði, en jungfrú Harriet hafði býsna mikið út á mig að setja og tók eg mér það nærri.

Þegar við komum til Lúganó, spurði eg jungfrú Harriet, hvort þau vildi, að eg lenti við Villa Cresiό. Hún svaraði :

„Já.“

Þegar eg bauðst til að vera þeim hjáplegur

að morgni, spurði hún, hvert eg vildi fara með þau. Tillaga mín var að fara frá Lúganó kl. níu, halda til Sankti Mamette, heimsækja fögru Vasolda, hverfa svo til Mamette um dögurðarbil og þaðan til Lúganó.

„Við getum ef til vill tekið Roberts-systkinin með okkur“, sagði gamli herramaðurinn.

„Ójá, við skulum bjóða þeim, faðir minn“, sagði jungfrú Berta.

Jungfrú Harriet sýndist fýld og þagði. Eg hafði líka ímugust á því föruneysi í huga mínum. Alt í einu hrópaði Berta af miklum fögnuði.

„Roberts-systkinin eru þá komin!“

Jungfrú Harriet steig síðast á land og eg spurði, hvort eg ætti að biða eftir skipunum þeirra. Hún sagði, eg skyldi biða. Svo lét hún 50 centesimo-pening á dýnuna og gaf sér tóm til að virða fyrir sér bókina eftir Heine, sem runnið hafði út undan dýnuni. Hún brosti og sagði með reigingi á þýzku :

„Hafið þér verið ferjumaður á Rínarfljóti líka?“

Svo stökk hún snögglega úr bátinum, án þess að gefa mér ráðrúm til svara. Eg var glaður. Hún hafði skilið. En því þenna reiging?

Eg beið býsna-lengi, en að síðustu kom jungfrú Berta með velbúnum, ungum manni, sem eg þegar þóttist vita, að væri Roberts. Á góðri ítölsku spurði hann mig, hvort eg gæti ferjað sig til Castagnóla. Staðurinn, sem hann nefndi, var nærri heimili mínu, svo eg svaraði játandi.

Þá kom gamli hermaðurinn og rétti hönd sína fagurri yngismey, sem Berta nefndi ungfrú Roberts.

Roberts var sérlega laglegur maður, hár, dökkur eins og Arabi, augun fögur og tinnusvört og skeggið eins; en svipurinn bar vott um síngirni og óhreinlyndi og rómurinn var óþýður. Ungfrú Roberts var hins vegar björt og bláeyg, röddin þýð, en veikluleg. Þegar við lögðum frá bryggjunni, sagði hann henni að snúa við og hneigja sig aftur fyrir vinum þeirra. Hún gerði það, en fremur eintrjáningslega; hann kvaddi með vinalótum og hrópaði: Á morgun, á morgun! Þegar við vorum komin á stað frá sumarþustað þessum, breyttist svipur þeirra fljótt, og samtali næsta eftir tektarvert á þýzku hófst með þeim. Jungfrú Roberts lýsti yfir því, að næsta dag færi hún hvergi. Roberts svaraði með blótsyrðum og sagðist þá berja hana. Hún virtist ekkert óttast það og tók að draga hann sundur í háði, fyrir hve illa honum gengi við Ameríkufólkið. Þá komst eg að því að jungfrú Harriet var frá Ameríku og litlu síðar komst eg að ættarnafni hennar.

„Vara þú þig!“ hélt hún áfram. Jungfrú Forrest er bráðskynsöm stúlka og verður þess fljótt áskynja, hver við erum. Fyrir mitt leyti væri eg hæst ánægð“.

Hann blótaði aftur.

Þegar við vorum komin til Castagnóla var eg orðinn margt áskynja um þau, þessi hjú. Þau voru ekki systkini, hétu ekki Roberts og voru ekki

ensk. Þessi snyrtilegi jungherra var félaus ; hún fekk smá peningasendingar frá ættingjum sínum, óráðvöndu fólki. Hann vildi ná í jungfrú Harriet sér til konu, af því hún var auðug, og láta fylgikonu sína hafa áhrif á öldunginn. Eg átti vin í Castagnóla og hjá honum varð eg margs fleira áskynja um Roberts-systkinin. Þau verzluðu með gimsteina og voru illa kynt. Þegar eg hafði komist að öllu, sem eg vildi vita, sneri eg aftur til sumararbústaðar míns og fastréð að hjálpa jungfrú Harriet.

Næsta morgun fór eg á heimili Forest-fólksins. Jungfrú Berta beið mín í garðinum og kallaði föður sinn og systur um leið og hún varð mín vör. Hve lagleg jungfrú Harriet var í hvítum ullarkjól, með bláum mittislinda og indæla húfu bláa. Hún naumast hneigði sig fyrir mér. Eftir stundarkorn barst talið til Roberts-systkinanna. Faðir þeirra hrósaði Roberts mikið, hann væri hámentaður, vel gefinn ungur maður, og gimsteinar hans væri gersemar. Mig grunaði, að sá gimsteinninn, sem hann dáði mest, væri jungfrú Roberts. Jungfrú Harriet svaraði kuldalega, að sér þætti miklu meira koma til skrautgripa frá Parísarborg en þeirra sem hann hefði, og hún hefði álíka ógeð á honum og á systur hans. Vafalaust hafði hún eitthvert hugboð um vélabrögð þeirra. Jungfrú Berta héit uppi vörn fyrir þau og Forest gamli rumdi. Þegar til Castagnóla kom, voru Roberts-systkinin eigi þar. Við biðum fáein augnablik ; þá sagðist öldungurinn fara að leita þeirra. Jungfrú Berta fór með

honum, en jungfrú Harriet sagðist verða eftir í bátinn.

Eg leit til hennar og hafði ákafan hjartslátt, en eg hafði ásett mér að tala við hana meðan faðir hennar og systir væri fjarri.

„Jungfrú Harriet, eg fæ ekki dulist lengur“.

„Ó, þér eruð ítalska skáldið“.

„Já“.

„Mig grunaði það í gær!“ hrópaði hún og stóð á fætur. „Hvers vegna þessi feluleikur? Eg efast ekki um, að þér séuð herramaður. Hví gerðu þér gys að okkur? Eg verð hér ekki lengur“.

„Í öllum bænum, farið þér ekki, jungfrú Harriet. Eg ætlaði ekki að gera gys að ykkur; talað mér. Það var að eins ofurlítill hefnd“, bætti eg við brosand. „Þér munið, að þér hélduð mig fiskimann og lituð mig fyrirritningaraugum. En eg gat ekki borið fyrirritningu yðar, er eg hafði séð yður“.

„Það var eigi fyrirritning; það var misskilningur. Eg myndi bera meiri virðingu fyrir heiðarlegum fiskimanni en hrekkjóttu skáldi“.

„Það var eigi að beita hrekkjabrögðum. Eg ætlaði einmitt að færa yður sanninn. Mig langaði til að láta yður verða kunnugt, að eg væri yður ekki óáðri. Í fyrstu rak metnaðurinn mig, en síðar hafa tilfinningar mínar breyzt. Mér er ánægja að láta yður vita, að kunningsskapur minn getur komið yður að góðu haldi“.

„Hvernig?“

Gerioð svo vel að setjast, jungfrú Harriet ; eg segi ekkert fyr en þér eruð sezt“.

Hún settist aftur á sama stað og svo hélt eg áfram eftir augnabliks uppihald.

„Eg skil ensku dálítið, einkum þegar hún er töluð af Ameríkumönnum“.

Jungfrú Forest varð bilt við.

„Á!“ svaraði hún, „svo þér skilduð alt, sem við sögðum“.

„Væn væruð þér“, hélt eg áfram, „ef þér vilduð segja mér, hvort þessi „Kobbi“, sem er svo líkur mér, er apaköttur eða ekki“.

„Það væri mátulegt handa yður, að svo væri, en það er nú samt ekki“.

„Fyrirgefið mér, en nú ætla eg að biðja yður um áheyr. Eg þarf að segja yður fréttir af þeim Roberts Hún leit til mín óróleg.

„Já, hann er mesti falsari, maðurinn sá, og kvensniftin er ambátt hans. Þau eru ekki systkini; þau eru ekki ensk. Nafnið er falsnafn. Hann hefir einsett sér að ná í yður til konu“.

„Hvernig vitið þér alt þetta?“

Eg varð þess þegar var, að hún treysti mér ekki.

„Eg komst að því í gær“, svaraði eg, „þegar þau voru í bátum hjá mér. Þá fekk eg líka að vita nafn yðar og frá hvaða landi þér eruð. Já, eg veit, að þér eruð að spyrja sjálfa yður, hvort þér eigið að trúá ókunnum manni“.

Hún svaraði ekki.

„Trúið mér“, sagði eg, „eg bið yður að trúá

mér. Eg fer eigi með ósannindi. Getið þér ekki séð það; getið þér ekki fundið það. Eg vil heldur fara frá yður hér og sjá yður aldrei aftur, en láta yður hugsa eg sé lygarl. Verið þér sælar jungfrú Forest“.

„Farið þér ekki“, sagði hún; „eg trúi yður“.

Eg settist niður aftur og reyndi að þakka; að fáum augnablikum liðnum kom Forest og dóttir hans og var prúðmennið Roberts í för með þeim.

„Mér sárþykir fyrir því“, sagði hann við jungfrú Harriet, „en systur minni er ilt og hún biður yður að afsaka sig“.

Hann settist hjá jungfrú Harriet, en hún lét sem hún sæi hann ekki. Föður hennar leið aug-sýnilega mjög illa, og reyndi hann samt að vera hinn þægilegasti í hans garð.

Hann talaði við föður hennar og jungfrú Bertu um ýmisleg efni, en alt í sambandi við sjálfan sig.

Við Óría lagði Forest það til, að þau færi fót-gangandi til sankti Manette. Jungfrú Harriet félst á það, og Roberts steig á land með öldungnum og Bertu. En þá sagðist jungfrú Harriet helst vilja fara með bátnum til sankti Manette og koma til móts við þau þar, en þætti vænt um, að faðir sinn vildi ganga.

Eg var hinn kátasti að vera einn hjá henni aftur. Hún spurði mig þegar, hvort eg vissi um fyrirætlanir jungfrú Roberts. Eg skildi hana fullkomlega og sagði, að eg héldi hún ætti að veiða einn tiltekinn mann, og það á móti vilja hans.

Meðan við töluðum, fórum við fram hjá sum-
arbústað mínum og sýndi eg henni.

„Þetta er indæll blettur“, hrópaði jungfrú For-
est upp yfir sig.

Eg sagði henni hve glaður eg yrði, ef hún
vildi ganga inn fáein augnablik, svo eg gæti sýnt
henni blómin mín og bækurnar.

„Það er ómögulegt“, sagði hún. Og svo væri
það líka raunalegt að láta kunningsskapinn verða
meiri, þar sem við sjáumst líklega aldrei oftar. Eg
sé þér hafið appelsinutré í garðinum yðar — viljið
þér gefa mér ofurlitinn kvist?‘

„Skyldum við aldrei sjást aftur?“

Við litum hvort til annars eitt augnablik; svo
brosti hún og sagði glaðlega :

„Hvað sagði faðir minn í gær? „R e m a r e ,
r e m a r e !“ Eg vildi eg gæti komist burt með
föður mínum á morgun. Eg vildi mér væri unt að
láta hann vita um og koma honum til að trúá þeim
hræðilegu hlutum, sem þér hafið sagt mér frá“.

“Og ef hann tryði þeim, vilduð þér samt fara
á morgun?“

„Já, það væri óumflýjanlegt“.

„Hvert mynduð þér fara?“

„Til Ameríku!“

„Og ef eg gæti nú hjálpað yður til að láta
föður yðar trúá þessum hræðilegu hlutum, mynd-
uð þér þá gleyma mér í Ameríku?“

Jungfrú Harriet rétti þegjandi hönd sína, sem
eg var fljótur að grípa og slepti áruum.

„Eg skal hjálpa yður, jungfrú Forest; og eg

er viss um að mér hepnast það. Til þess að gjöra yður ánægða, skal eg gjörast fjandmaður sjáífs mín“.

Sem snöggvast þrýsti eg litlu, hvítu höndinni hennar að vörum mér; hún var köld af geðshræring. Aður eg kom til sankti Mamette, sagði eg jungfrú Forest að segja föður sínum alt; seinna skyldi eg sjá um, að hann tryði öllu. Hún rétti mér aftur hönd sína og sagði:

„Eg þakka“. Og svo bætti hún við með rauna-brosi: „Verið þér sælir“.

Eg spurði hana með skjálfandi röddu, hvort kvisturinn litli af appelsínu-trénu myndi eigi einhvern tíma bera blóm í sveig. Hún svaraði mér ekki.

„Verið þér sælar“, sagði eg lágum rómi.

Við vorum komin til sankti Manetta. Forest og föruneyti hans beið á bakkanum. Þegar jungfrú Harriet var komin til þeirra, kvaðst eg hafa brýnt erindi að reka, en kæmi aftur að stundu liðinni.

Eg hvarf aftur til sumarbústaðar míns, bjó mig vel og setti dálítinn kvist af appelsínutrénu í hnesluna. Eg kallaði svo á þjón minn og bað hann að ferja mig til sankti Mamette.

Þegar eg var þangað kominn, gekk eg til gisti-hússins, þar sem þau Forest-feðginin sátu að dögurði, og sendi nafnseðilinn minn inn. Það var þegar tekið á móti mér og gekk eg fyrir Forest og játaði fyrir honum hrekkj;abrögð mín frá deginum áður. Síðan sneri eg mér til Roberts, sem setti

upp mikinn furðusvip og lést ekki þekkja mig, og sagði við hann :

„Eg er hingað kominn til að gera yður dálftinn greiða. Konan yðar gjörir yður þau boð, að þér og hún verðið að fara héðan í mikilsverðum kaupsýslu-erindum“.

„Konan mín?“ svaraði falsarinn, „þér farið vilt. Eg skil eigi við hvað þér eigið. Eg á enga konu“.

Sprechen Sie Deutsch, mein Herr?“ sagði eg í myndugum róm og hélt áfram á þýzku: „Þér hefðuð átt að vera varasamari í gær í viðtali yðar við þá ungu konu. Á eg að hafa orð yðar upp fyrir Forest. Þér ættuð ekki að neyða mig til að gjöra það. Báturinn trá Lúganó kemur bráðlega. Farið, og farið tafarlaust!“

Maðurinn stóð hikandi í bili, svo sneri hann sér til þeirra Forest-feðgina og sagði stillilega :

„Eg hélt það; þessi aumingja maður er frá sér. Hann talar tungu, sem eg skil ekki!“

Jungfrú Harriet og faðir hennar litu til mín; hún var róleg, hann með þykkju. Eg hélt áfram að tala á þýzku og tók upp úrið mitt.

„Mikilsvirti herra, þér hafið sjö mínútur til að komast á bátinn. Ef þér verðið hér, sver eg við drengskap minn, að eg skal kalla á lögregluþjónana; þeir eru sólnir í að hafa tal af yður“.

Við þetta gætti hann sín ekki, en svaraði mér á þýzku:

„Það er ekki satt“.

Eg sneri mér að Forest og sagði brosandí :

„Þessi herramaður talar tungumál, sem hann þykist ekkert kunna í!“

Hann varð var við yfirsjón sína, tók sér í munn blótsyrði á máli, sem við kunnum ekki, þreif hatt sinn og sagði við Forest, og benti um leið til mín :

„Það er bezt, að eg fari; annars verð eg þessum manni að bana. Þegar eg kem til Lúganó, skal eg bera hönd fyrir höfuð mér“.

Aður en hann var horfinn sagði eg :

„Þér eigið þrjár mínútur eftir“.

Gegn um gluggann sáuum við eimbátinn koma. Forest virtist í alimikilli geðshræring; æfintýr hans var á enda. Með fögnuði las eg í augum jungfrú Harriet aðdáun og þakklæti.

„Látum oss fara tafarlaust“, sagði Forest. „Við skulum hverfa til Lúganó attur“.

Eg bauð honum bát minn, en hann afþakkaði, og sagðist geta fengið annan. Eg lét mér ekki ant. Forest og stúlkurnar gengu út í dyrnar og eg á eftir, Himininn var skýjaður og farið að rigna. Herramaðurinn gamli og jungfrú Berta stóðu við þröskuldinn, en eg og jungfrú Harriet vorum saman. Eg tók með hægð litla kvistinn af appelsínutrénu úr hneslunni og rétti jungfrú Harriet. Hún tók þegjandi við honum, sleit af honum eitt blað, kysti það og fekk mér það aftur. Svo enginn sá, tók eg um hönd hennar og þegar hún stundu síðar dró hana að sér, varð eg tára var í augum hennar. Það hætti að rigna og þau leigðu annan bát.

„Eg held eg verði að þakka yður“, sagði Forest að síðustu, um leið og hann kvaddi mig. Jungfrú Harriet sagði ekki neitt; hún leit að eins til mín, en augnatillit hennar smó inn í hjarta mitt. Tveim dögum síðar gekk eg til sumarbústaðar þeirra í Lúganó, en þau voru farin.

Eg sat í garðinum tímum saman. Landsbygðin fagra sýndist tómleg og það var raunasvipur yfir henni.

Tveim árum síðar snemma morguns, er eg sat og var að rita ljóðmæli mín: „Endasleppi draumurinn“, kom þjónninn inn og sagði, að kominn væri herramaður, sem vildi finna mig.

Þó mér þætti leitt að láta trufla mig í miðju verki, tók eg nafnseðilinn ósjálfrátt og las: Charles Forest. Hvernig mér var innan brjósts, er eg tók við honum, geta menn ímyndað sér.

Sama dag sá eg jungfrú Harriet aftur.

Draumurinn minn hafði ræzt. Litli kvisturinn af appelsínutrénu bar blóm í sveig, eins og eg hafði gjört mér von um.

SIGRÍÐUR STÓRRÁÐA.

Eftir SELMA LAGERLÖF.

Það var eitt sinn á indælu vori. Það var einmitt vorið, er Sigríður stórráða, Svíadrottning, hafði stefnt Ólafi Tryggvasyni, Norðmannakonungi, til móts við sig í Konungahellu til að kveða á um brúðkaup þeirra.

Næsta undarlegt var það, að Ólafur konungur vildi ganga að eiga Sigríði drottningu, fögur var hún að sönnu og mikils hugar, en argasti heiðingi var hún, en Ólafur konugur kristinn og hugsaði ekki um annað en reisa kirkjur og þröngva fólki til að láta skírast. En hver veit nema hann hafi haft von um, að guð á himnum mundi snúa henni.

En undarlegra var það, að þegar Sigríður stórráða lét sendimann Ólafs konungs vita, að hún ætlaði að sigla til Konungahellu, er ísa leysti, tók þegar að vora. Kuldi og snjór hvarf með öllu einmitt á þeim tíma, er vetrarveður vanalega harðna.

Og er Sigríður stórráða gjörði heyrin kunnugt,

að nú vildi hún búa skip sín, hvarf is af fjörðum, engi tóku að grænka og þó langt væri enn til boðunardags, mátti þegar hleypa nautum á gras!

Þegar drotning reri milli skerja Austur-Gotlands út í Eystrasalt, sat gaukurinn og gól í hömrum, þó enn væri svo snemt, að enginn ætti von á að heyra til lævirkjans.

Mikill fögnuður varð hvarvetna þar sem sú stórráða var á ferð. Tröllin öll, er orðið höfðu að flýja Noreg síðan Ólafur konungur komst til valda, þar sem þau þoldu ekki hljóm kirkjuklukkanna, komu nú út úr hömrunum, er þau sáu Sigríði stórráðu sigla fram hjá. Þau rifu ung birkitré upp með rótum og bentu drotningu með þeim; síðan gengu þau inn í hamrahallir sínar, þar sem konur þeirra sátu með eftirvænting og ótta og sögðu:

„Kona, nú þarft þú ekki lengur að vera óttaslegin. Nú siglir Sigríður stórráða til móts við Ólaf konung. Nú hverfum við brátt aftur til Noregs“.

Þegar drotning sigldi fyrir höfðann kom höfðabúinn út úr helli sínum. Og kolsvart fjallið lét hann opnast, svo hún sá gull og silfur-æðarnar, sem fléttuðust saman þar inni, og fagnaði yfir auðlegð hans.

Þegar Sigríður stórráða hélt fram hjá Hallandsfljótum, kom níkurinn ofan úr fossi sínum, svam alla leið út í Elfarmynni og lék á hörpu sína, svo skipið steig dans á öldunum.

Er hún sigldi fram hjá Níðingaskerjum, lágu

þar marmennlar og léku á sniglahorn, svo vatnið gaus upp í háum gossúlum.

Þegar andbyr var, komu ægileg tröll upp úr djúpi og hulpu skipi Sigríðar stórráðu yfir öldurnar. Sum lágu við skutinn og ýttu á eftir; önnur tóku reipi og þang í munn og beittu sér fyrir skipið eins og hestum.

Viltir heiðingjar, er Olafur konungur eigi þoldi í landi sakir fólsku, reru til móts við skip drotningar með rifið segl og stafnljái á lofti eins og til atlögu. En er þeir þektu drotningu, létu þeir hana óskadda halda leiðar sinnar og kölluðu eftir henni: "Við drekkum brúðkaupsminni þitt, Sigríður stórráða!"

Allir heiðingjar, sem bjuggu með ströndum fram, lögðu eldivið á steinstalla og blótuðu forna guði sauðum og geitum, til þess þeir léðu Sigríði stórráðu lið á leið hennar til konungs Norðmanna. Þegar drotning sigldi upp nyrðri elfi, svam margýgur með fram skipi hennar, seildist með hvítum armi upp úr djúpinu og fekk henni stóra, ljómandi perlu: "Ber þú hana, Sigríður stórráða," sagði hún, „þá verður Ólafur konungur svo hrifinn af fegurð þinni, að hann fær aldrei gleymt þér.“

En er drotning var komin kipp-korn upp eftir elfinni, heyrði hún dunur og dynki svo mikla, að hún átti von á, að foss væri í nánd. Eftir því sem lengra kom, fór hávaðinn vaxandi.

En er hún reri fram hjá Gulley og vatt sér inn í breiða vík, sá hún Konungahellu liggja fyrir sér á elfarbakkanum.

Svo stór var borgin, að eins langt og hún gat eygt upp með elfinni, lá húsaþorp, álitlegir timbur-skálar og úthýsi mörg. Milli grárra skíðgarða lágu löng stræti niður að elfi, breiðir hlaðvarpar lágu framundan íbúðarhúsum, sléttir stigir lágu frá heimili hverju niður að bátsnausti og skipabryggju.

Sigríður stórráða skipaði mönnum að róa hægt. Sjálf stóð hún í lyftingu skipsins og horfði á land, "Aldrei hefi eg séð annað eins", sagði hún.

Nú skildi hún, að harkið, sem hún hafði heyrt, var eigi annað en hávaðinn af vinnubrögðum manna í Konungahellu á vori, þegar senda átti skip í langferð.

Smíði heyrði hún berja þungum reksleggjum, flutningsskóflan marraði í skutnum, bjálkum var hlaðið með braki og brestum á barða, sveinstaular hefluðu breið árarblöð og birktu masturtré.

Hún sá græna hlaðvarpa þar sem ambáttir undu kaðla handa sjómönnum og öldungar sátu og bættu segl úr gráu vaðmáli.

Bátsmiði sá hún tjarga nýja báta. Stórir naglar voru reknir inn í þykka eikarplanka. Skip-skrokkar voru dregnir út úr naustum til að þétta. Gömul skip voru prýdd nýsteindum drekahöfðum. Vörum var bylt í búlka, menn kvöddust í skyndi, þungar kistur voru dregnar út á skip.

Skip lögðu frá landi, sem þegar voru búin, Sigríðar stórráða sá, að þau, sem reru upp eftir elfinni, voru sökkhlaðin síld og salti, en þau skip,

er stýrt var út á opið haf, voru hlaðin dýru eikar-timbri, nautahúðum og skinnum hátt upp eftir möstrum.

Þegar drotning sá alt þetta, hló hún af fögnuði. Hún kvaðst gjarnan ganga að eiga Ólaf konung til þess, að fá slíka borg til umráða.

Sigríður stórráða reri upp að konungsbryggju. Ólafur konungur stóð þar og tók við henni, og er hún gekk til móts við hann, fanst honum, að fegurri konu hefði hann aldrei litið.

Fylgdust þau síðan að upp að konungsgarði og tókst með þeim samhugur mikill og vinátta. Og er þau gengu til borðs, hló Sigríður stórráða og talaði við konunginn í sífellu, meðan biskup fór með borðbæn, og konungur hló og talaði líka, af því hann sá þeirri stórráðu var það til geðs. Að endaðri máltíð, er allir tóku höndum saman til að hlýða á bæn biskups, tók Sigríður stórráða til að segja konungi frá auðæfum sínum. Hún hélt því áfram, meðan á borðbæn stóð. Og konungurinn veitti orðum Sigríðar áheyrn, en ekki biskups.

Konungur leiddi Sigríði stórráðu til hásetis; sjálfur settist hann við fætur henni. Og Sigríður stórráða sagði honum, að hún hefði látið brenna tvo smákonunga inni, er svo djarfir hefði gerzt að biðla til hennar. Og konungur fagnaði yfir og hugsaði, að þá leið mætti allir smákonungar fara, er svo fífdjarfir væri að biðla til konu eins og Sigríðar stórráðu.

Þá hringdi til aftansöngs og konungur stóð upp og ætlaði að ganga til Maríukirkju til að biðj-

ast fyrir, eins og hann var vanur. En þá kallaði Sigríður stórráða á skáld sitt, og söng hann kvæðið um Brynhildi Buðladóttir, sem lét drepa Sigurð Fofnisbana. Og Ólafur konungur gekk ekki í kirkju, en í stað þess sat hann og horfði Sigríði stórráðu í augu; björt voru þau og svartar brúnir bogadregnar hvelfdust yfir. Þá skyldist honum Sigríður stórráða vera Brynhildur, og að hún myndi drepa hann, ef hann brygðist henni. Honum rann líka í hug, að víst myndi hún vera sú kona, er gæti látið brenna sig á báli með honum. Og meðan prestar sungu messu og báðust fyrir í Maríukirkju í Konungahellu, sat Ólafur konungur og hugsaði um, að hann vildi ríða til Valhallar með Sigríði stórráðu fyrir framan sig á hestinum.

Þá nótt var ferjumaður, sem flutti fólk yfir Gautelfi, svo önnum kafinn sem aldrei fyrr. Hvað eftir annað var hann beðinn að koma yfir til hins bakkans, en er hann kom þangað, var þar aldrei neinn. Samt sem áður heyrði hann fótatak nærri, og báturinn varð fullur og nær við að sökkva. Hann reri alla nótt fram og aftur, og vissi ekki, hvað alt þetta átti að þýða. En að morgni voru einlæg smáspor á bakkanum og í þeim fann ferjumaður smálauf, en er hann leit betur eftir, var það lýsigull. Þá þóttist hann skilja, að það væri allir þeir álfar og dvergar, sem flúið hefði frá Noregi sökum kristninnar, er nú hefði horfið heim aftur.

En jötunn sá, er bjó í Fortinsfjalli beint austur af Konungahellu, grýtti einni steinblökk á fætur annari í Maríukirkjuna alla liðlanga nótt. Og ef

sá jötunn hefði eigi verið svo sterkur, að steinarnir hefði flogið of langt og alla leið yfir um elfi, þá hefði vissulega mikla óhamingju að höndum borið.

Morgun hvern var það vani Ólafs konungs að ganga í kirkju, en daginn, sem Sigríður stórráða var í Konungahellu, fanst honum hann ekki komast til þess. Er hann var risinn úr rekkju, vildi hann þegar ganga niður til hafnar, þar sem skip hennar lá, og spyrja hana, hvort þau ætti að drekka saman brúðaröl fyrir næstu : áttmál.

Biskup hafði látið hringja klukkum allan morgun og er konungur kom út úr konungsgarði og gekk yfir torgið, voru kirkjudyr opnaðar og indæll söngur barst út til hans. En kóngur gekk leiðar sinnar, eins og hefði hann ekkert heyrt. Þá lét biskup klukkur hætta, söng falla niður, og ljós slokkna.

Svo skyndilega bar þetta við, að kóngur nam ósjálfrátt staðar og leit til kirkjunnar. Fanst honum kirkjan þá tilkomuminni en hann nokkuru sinni áður hafði gert sér í hugarlund. Hún var minni en önnur hús í bænum, þungt torfbak slútti út yfir lága, gluggalaus vegg, hliðið var lágt með ofurlitlu skjólþaki úr greniberki.

En er konungur stóð og velti þessum hugsunum fyrir sér, kom grannvaxin kona unleg út úr þessu dimma kirkjuhliði. Hún var í rauðum kirtli og blárri kápu og bar ljóshært barn á armi. Búningur hennar var fátæklegur og þó fanst konungi,

að aldrei hefði göfugmannlegri kona orðið á vegi hans. Hún var há, íturvaxin og björt á brá.

Konungi varð heitt um hjarta, er hann sá þessa ungu konu þrýsta barninu að barmi og bera það með varfærni svo mikilli, eins og ætti hún ekkert jafn-dýrmætt í heimi.

Þegar konan stóð í hliðinu, leit hún við og horfði um öxl sér — horfði inn í dimmu, fátæklegu kirkjuna með mikilli hugarþrá í augum og andliti. Þegar hún sneri sér aftur í átt til torgsins, voru henni tár í augum.

En er hún ætlaði að stíga yfir þröskuldiinn út á torgið, brast hana hug. Hún hallaði sér upp að dyrastaf, leit til barnsins áhyggjufullum augum, eins og væri henni í hug að segja : „Hvar í öllum heimi fáum við nú þak yfir höfuðið?“

Hreyfingarlaus stóð konungur og virti hælisleysingjann fyrir sér. Mest komst hann við af því, að hann sá barnið, sem áhyggjulaust hvíldi á armi hennar. rétta henni blóm eins og það vildi koma henni til að brosa. Og þá sá hann, að hún reyndi að láta sorgina hverfa af andliti sér og brosa fram- an í soninn.

„Hver er kona þessi?“ hugsaði konungur. „Mér finst eg hafa séð hana áður. Hún er vafalaust kona af háum ættum, en er nú í nauðum stödd“.

Hve mikið sem konungur ætlaði að flýta sér til Sigríðar stórráðu, fekk hann þó ekki slitið augu af konunni. Honum fanst hann hafa séð þessi mildu augu og þetta blíðlega andlit einhvern tíma

áður, en hann gat ekki komið fyrir sig, hvar það hefði verið.

Konan stóð enn í kirkjuhliði, eins og gæti hún ekki losast þaðan. Gekk þá konungur til hennar og spurði :

„Hví ert þú svo hrygg?“

Hún leit til hans óumræðilega sorgbitnum augum.

„Veizt þú það ekki?“ spurði hún.

En þá sneri konungur sér frá henni. Hann hatði ekki tíma til að standa þar til að ráða gátur, fanst honum. Það leit út fyrir að konan dróttaði því að honum að hafa rekið sig. Hann fekk ekki skilið, við hvað hún átti.

Snarlega gekk konungur leiðar sinnar. Hann kom ofan að konungsbryggju, þar sem skip Sigríðar stórráðu lágu við festar. Við höfnina komu þjónar drotningar til móts við hann; þeir gengu allir í gullbryddum fötum með ilfurhjalma á höfði.

Sigríður stórráða stóð í lyftingu á skipi sínu, horfði út um Konungahellu og fagnaði yfir valdi hennar og auðæfum. Hún virti bæinn fyrir sér, eins og hún þegar væri örðin þar drotning.

En er konungur leit Sigríði stórráðu, kom honum þegar í hug konan viðmótsblíða, sem komið hafði út úr kirkjunni, fátæk og hælislaus. Hvað er þetta, hugsaði hann með sér, mér finst nú sem væri hún fegurri Sigríði stórráðu!

Þegar Sigríður stórráða brosti nú við honum,

tók hann að hugsa um tárin, sem tindruðu hinni annari konu í augum.

Andlit þessarar ókunnu konu var Ólafi konungi svo skírt fyrir hugskotssjónum, að hann gat ekki varist að bera það saman við andlitsdrætti Sigríðar stórráðu, einn á eftir öðrum. Og um leið og hann gerði þetta, hvarf öll fegurð Sigríðar.

Hann sá, að augu Sigríðar stórráðu voru grimmúðug og munnur hennar lostafullur. Í andlitsdrætti hverjum las hann syndarúnir.

Hann gat samt enn séð, að hún var fögur, en honum geðjaðist ekki lengur andlit hennar. Hann fór að fá ímugust á henni eins og glófögurum eitursnáki.

Þegur drotning sá konung koma, rann sigurbros henni um varir.

„Eg átti eigi von á þér svo snemma, Ólafur konungur“, sagði hún. „Eg hélt þú værir við messu“.

Konungur fekk löngun óumræðilega sterka til að hafa á mótum orðum Sigríðar stórráðu og gera henni alt á mótum skapi.

„Messugerð er enn eigi byrjuð“, sagði hann. „Eg kem til að biðja þig að ganga með mér í hús guðs míns“.

Um leið og konungur sagði þetta, varð hann hörku var í augnaráði Sigríðar, en þó var hún brosandí enn.

„Kom þú heldur til mín yfir á skipið“, sagði hún. „Eg skal sýna þér gjafir, sem eg hafði með mér handa þér“.

Hún lyfti upp gullbúnu sverði eins og til þess, að lokka hann til sín, en konungi sýndist stöðugt hann sjá hina konuna við hlið hennar. Og honum fanst Sigríður stórráða liggja eins og ormur á auðlegð sinni.

„Svara mér fyrst“, sagði konungur, „hvort vilt þú ganga með mér í kirkju?“

„Hví skyldi eg ganga í kirkju þína?“ spurði hún með hæðnissvip.

Þá sá hún, að konungur hleypti brúnum og hún varð þess vör, að hann var eigi sams hugar og deginum áður. Hún breytti þegar til og varð mild og þægileg.

„Gakk þú í kirkju eins oft og þig lystir“, sagði hún, „þó eg fari ekki. Af þeirri ástæðu ætti engin óeining að verða okkar í milli“.

Drotning steig niður af skipi og kom til konungs. Hún hélt á sverði í hendi og kápu, fóðraðri safala, sem hún ætlaði að gefa honum.

En í sömu andrúnni varð konungi litið niður til hafnar. Í fjarlægð sá hann hina konuna koma gangandi; hún gekk álút og þreytulega og bar enn barnið á armi.

„A hvað horfir þú svo ákaft, Ólafur konungur?“ spurði Sigríður stórráða.

Þá sneri hin önnur kona sér við og leit til konungsins og þegar augu hennar hvíldu á honum, fanst honum að gullnum glampa bregða fyrir um höfuð hennar og barnsins, fegurri öllu skráuti konunga og drotninga. En svo sneri hún um leið aft-

ur við og gekk aftur á leið til borgarinnar og hún hvarf honum sýnum.

„Á hvað horfir þú svo ákaft, Ólafur konungur?“ spurði Sigríður stórráða aftur.

En er Ólafur konungur sneri sér nú til drotningar, sýndist honum hún gömul og ljót og synd og vonzka heimsins um hana á atla vegu, og hann varð skelfdur af að hafa látið ánetjast.

Glófann hafði hann dregið af hönd sér, til að rétta henni hönd síua. En nú tók hann glófann og laust hana með honum í andlitið: „Ekki vil eg eiga þig, ljóta og hundheiðna kerling!“ sagði hann.

Þá hörfaði Sigríður stórráða þrjú skref aftur á bak, Fljótt náði hún sér aftur og svaraði: „Þetta mætti verða vel þinn bani, Ólafur konungur Tryggvason“.

Og bleik var hún eins og Hel, er hún sneri sér frá honum og steig á skip sitt.

Nóttina eftir dreymdi Ólaf konung ljótann draum.

Það, sem hanu sá fyrir augum sér, var ekki jörðin, heldur hafsbotninn. Það var grá og grænleit mörk og á henni stóð vatn, margra faðma dýpi. Fiska sá hann sveima í ránserindum, skip sigla fram hjá uppi á mararfletinum eins og dökkleit ský og sólarljósið bar daufa birtu, eins og fölleitur máni.

Þá kom konan, er hann hafði séð í kirkjudyrum, gangandi eftir hafsbotninum. Hún var álút

eins og áður og fót hennar slitin, eins og þegar fundum bar saman áður, og andlit hennar fult hugarraun.

En þegar hún gekk áfram á hafsbotni, greindust vötnin sundur fyrir henni. Það var eins og þau hyrfi frá af óumræðilegri lotningu og myndaði súlur og hvelfingu, kring um hana, svo það var eins og hún gengi í dýrlegu musteri.

Alt í einu sá konungur, að vatnið, sem hvelfdist yfir konuna, tók að skifta litum. Fyrst urðu súlur og hvelfingar ljósrauðar, en fljótt varð liturinn dekkri. Alt hafið varð rautt hringinn í kring eins og það hefði breyzt í blóð.

Á hafsbotni þar sem konan gekk, sá konungur brotin sverð og örvar, brostna boga og spjót. Fyrst voru ekki mikil brögð að þessu, en eftir því sem hún gekk lengur í rauðu vatninu, fóru hrúgurnar af þessu vaxandi.

Óttasleginn varð konungur þess var, að konan vék til hliðar, til að stíga ekki á dauðan mann, sem lá flatur í grænu þauginu. Maðurinn var klæddur brynju, hafði sverð í hönd og sár mikið í höfði.

Konungi sýndist konan loka uugum, svo hún sæi ekki. Hún var á ferð að ákveðnu markmiði, án þess að tefja eða hika. En hann, sem var að dreyma, gat eigi snúið augum sínum brott.

Hafsbotninn sá hann þakinn brotnum skipum. Þung skipsakkeri sá hann, gildir kaðlar lágu í bugðum eins og snákar, skip með brotnum borðum,

gylt drekahöfuð, er setið höfðu í stafni, blíndu á hann rauðum, ægilegum augum.

„Vita vildi eg hver það er, sem átt hefir í orustu og verið valdur að allri þessari eyðilegging“, hugsaði sá, sem drauminn dreymdi.

Hvarvetna sá hann látna menn, þeir héngu í hliðum skipanna eða höfðu sokkið niður í grænt þangið. En hann gaf sér ekki tólm til að veita þeim eftirtekt, því augu hans urðu að fylgja konunni, sem stöðugt hélt göngu sinni áfram.

Loks sá konungur hana nema staðar yfir látnum manni. Hann var búinn rauðum kyrtli, hafði fagran hjálm á höfði, skjöld á armi og hélt á beru sverði í hendi.

Konan beygði sig yfir hann og hvíslaði að honum eins og vildi hún ekki vekja hann af svefni : „Ólafur konungur, Ólafur konungur !“

Þá sá hann, sem drauminn dreymdi, að maðurinn á hafsbotni var hann sjálfur. Hann fann það greinilega, að hann var þessi látni maður.

Þegar látni maðurinn hreyfði sig ekki, kraup konan við hlið hans og hvíslaði honum í eyra :

„Nú hefir Sigríður stórráða sent herskipaflota sinn gegn þér og hefnt sín. Iðrast þú þess, sem þú hefir gert, Ólafur konungur ?“

Og aftur spurði hún : „Nú líður þú beiskju dauðans, af því þú kaust þér mig, en ekki Sigríði stórráðu. Iðrast þú þess ? Iðrast þú þess ?“

Þá leit hinn látni loks upp og konan halp honum á fætur. Hann studdist við öxl hennar og hægt gekk hún á brott með hann.

Aftur sá Ólafur konungur hana á gangi, — á gangi nótt og dag yfir lög og láð. Síðast sá hann, að þau voru lengra komin en skýin og hærra en stjörnur.

Nú komu þau inn í garð, þar sem jörðin var skínandi björt og blómin voru hrein eins og daggardropar.

Konungur sá, að þegar konan kom inn í garðinn, bar hún höfuðið hátt og varð léttari í spori. Þegar þau komu lengra inn, tók að lýsa af fötum hennar. Hann sá, að þau lögðust sjálfkrafa gullbryddingum og lituðust regnboga-litum.

Hann sá líka, að yfir hvirfli hennar kveiktist geislabaugur, sem varp birtu sinni yfir andlit hennar.

En fallni maðurinn, er studdist við öxl hennar, lyfti höfði og spurði: „Hver ert þú?“

„Veizt þú ekki, Ólafur konungur?“ svaraði hún, og óumræðileg hátign og dýrð lýsti af henni.

En í draumnum fylltist Ólafur konungur miklum fögnuði yfir því að hafa kosið sér að þjóna himnadrotningunni mildu. Það var fögnuður svo mikill, að aldrei hafði hann kent annars eins; hann var svo mikill, að hann vakti hann.

En er hann vaknaði, var andlit hans laugað tárur og hann hafði tekið höndum saman til bænar.

SÍDASTA FERÐ LÆKNISINS.

Eftir IAN MACLAREN.

(Úr sögunni : *Beside the Bonnie Brier-Bush.*)

Það var bitur sunnudagur í desember mánuði. Í ökladjúpum snjó var sóknarnefndin að gjöra út um mál sín. Þá kom gamla bústýran læknisins og sagði Drumsheugh, að læknirinn kæmist ekki á fætur og langaði að hafa tal af honum seinna dagsins.

"Já, já," sagði Hillocks og hristi höfuðið og þann dag fipaðist Drumsheugh í kirkjunni, svo alla furðaði.

Janet bústýra hafði gjört eld á arni, sem annars var eigi notaður. Hún hafði hengt dúk fyrir gluggann til varnar gegn hamförum þessa beiska norðannæðings. En það setti hroll að hjarta Drumsheugh, er hann kom inn í þetta þægindalaus herbergi með einum sex smá-húsgögnum og slitinni gólfduksræmu, og hann horfði út í snjóinn, sem lá í hrúgu upp á aðra gluggarúðu, en furutrén myrk og döpur með fangið fult af snjó og ís fyrir utan.

Lækninum hafði raunalega hnignað, hann gat naumast lyft höfðinu, en andlitið varð bjartara, er gesturinn kom ; og s'ór hönd, sem nú var drifhvít og faguð, var rétt fram undan rúmfötunum með gömlum hlýnda-tilprifum.

„Komdu nær maður og seztu. Það er óttalegur dagur að láta þig fara svo langt. En eg vissi þú mundir ekki fást um vegalengdina. Eg var á báðum áttum, þangað til í gærkveldi ; þá fann eg, að það myndi eigi líða á löngu og í morgun fór mig að langa svo sárt til að sjá þig. Við höfum verið vinir síðan við vorum drengir við gamla skólann í furuskóginum og mér þætti vænt um, ef þú værir hjá mér seinast. Þú verður hér í nótt, Pétur, upp á gamlan kunningskap.“

Drumsheugh var í mikilli geðshræring ; skírarnafni sínu hafði hann eigi verið nefndur síðan móðir hann lézt, og það var eins og titringur kæmi í herðar hans, eins og einhver hefði til hans talað úr öðrum heimi.

„Það er óttalegt að heyra þig vera að tala um að deyja, Vilhjálmur ; eg þoli það ekki. Við komum lækninum hérna í Mýrabæ á fætur og þú verður á ferðinni fram og aftur áður langt líður. Það er ekkert stórvægtlegt, sem að þér gengur. Þú ert orðinn slitinn af sífeldu erfiði og þarft hvíldar. Segðu ekki, að þú sért að fara frá okkur, Vilhjálmur. Við megum ekki án þín vera, hérna í Drumtochty ;“ og Drumsheugh mændi óþreyjufullur eftir einhverju vonar-orði.

„Nei, nei, Pétur, það er ekkert hægt að gjöra

og það er of seint að senda eftir nokkurum lækni. Stundum er drepistö svo að dyrum, að enginn vafi er, hver sé á ferð. Eg hefi barist við dauðann fyrir aðra í fjörutíu ár, en nú er mín eigin stund að síðustu komin. Það gengur ekkert sérlega mikið að mér—dálftill snertur af lungnapípubólgu—og líkamsbyggingin hefir verið ágæt; en eg er með öllu útslitinn; það er það, sem að mér gengur og slíkt læknað enginn.“

Drumsheugh gekk yfir að arninum, og gjörði dálitla stund ekkert annað, en að mylja sundur hálfbrunna mókögglu og fór reykurinn upp í augu hans og nef.

„Þegar þú ert til, Pétur, voru það tvö eða þrjú lítilræði, sem eg ætlaði að biðja þig að sjá um fyrir mig, og mig langar til að tala um það við þig meðan eg hefi vald á hugsan minni. Eg hefi enga bókfærslu haft eins og þú veizt, því minnið var gott; það verður enginn peningarekstur að mér látnum og engum skuldum eftir að kalla.“

„En fólkíð í Drumtochy er ráðvant og verður að troða að þér peningum og mig langar til að segja þér vilja minn. Ef fátæk kona á hlut að máli, segðu henni að hafa þá, og kaupa sér herðaklút fyrir peningana, og getur þá verið, að hún hugsi til gamla læknisins sem snöggvast. Ef megandi maður á í hlut, getur þú tekið við helming þess, er hann býður, því Drumtochy-menn hafa skömm á harðdrægum viðskiftum, þegar svo er ástatt; og þurfi einhver lækni-hjálpar, en hafi

ekkert að borga, sjáðu þá um, að hann sé ekki látinn deyja hjálparlaus, þegar eg er kominn burt.“

„Engin hætt á því, Vilhjálmur, meðan eg er á lífi. En hvað verður úr okkur, þegar þú ert ekki að rétta hjálparhönd á neyðartímum? Hætt við, að okkur gangi illa við einhvern ókunnugan, sem eigi þekkir einn frá öðrum.“

„Það er fyrir beztu, Pétur, og þið skiljið það öll innan skamms. Eg hefi vel vitað, að dagar mínir voru taldir, og að þið ættið að fá yngri mann. Eg reyndi að kynna mér nýjar læknisaðferðir eins vel og eg gat, en hafði lítinn tíma til að lesa og alls engan til langferða. Eg er síðasti maður gamla skólans og eg veit eins vel og nokkur, að eg var eigi eins lipur og hæverskur og læknar í borgum. Þið gjörðuð ykkur að góðu, hvernig eg var, og enginn bar mér nokkuru sinni á brýn, að eg væri kotungmenni. Nei, nei, þið hafið verið mér skelfing góð og umburðarlynd öll þessi ár.“

„Vilhjálmur, ef þú heldur þessu bulli áfram“, tók Drumsheugh fram í, hásum rómi, „fer eg út úr húsinu; eg þoli það ekki.“

„Það er sannleikur, Pétur, en við verðum að halda áfram, því mér er óðum að hnigna. Gefðu henni Janet þá húsmuni, sem hún þarf í húsið sitt, og seldu alt annað til að borga fyrir líkkistu og greftran. Ef að nýi læknirinn verður ungur maður og ekki sérlega ríkur, getur þú látið honum eftir bækurnar og verkfærin; það yrði ætíð ofurlítill hjálp. En eg vil ekki láta selja Mósu, því hún hefir þjónað mér trúlega og dugað mér vel. Það

eru einn eða tveir seðlar í skúffunni, og ef þú þekkir einhvern, sem vildi lofa henni að kroppa og standa í fjósi þangað til hún kemur á eftir húsbónda sínum— —“

„Nú reiðist eg, Vilhjálmur,“ hreytti Drumsheugh út úr sér: „Það er reglulega illa gjört af þér að tala svona—við mig. Hvert myndi Mósa fara nema til Drumsheugh? Hana brestur hvorki haga né jötu á meðan hún tórir; dalbúum myndi undarlegt þykja að sjá annan mann koma Mósu á bak, enda skal enginn snerta gömlu hryssuna.“

„Taktu mér það ekki illa upp, Pétur, því eg átti von á þessu; en þú veizt, að við erum ekki sérlega hraðmæltir og segjum ekki alt, sem í hjarta býr.“ Jæja, þetta er alt, sem hvílir mér á hjarta; alt annað fel eg þér. Eg hefi hvorki börn né buru til að smeygja mér niður. En ef Tómas Mitchell eða Saunders standa nærri og er ekki móti skapi að taka í taug, meinaðu þeim það ekki, Pétur. Þeir eru báðir menn, sem harka vel af sér og eru fámæltir, en Tómas hefir göfugt hjarta, og lakari menn eru í dalnum en Saunders.

„Það er að síga á mig höfgi og eg efast um að geta fylgst með bráðum; vildir þú lesa ofur lítið fyrir mig, áður eg hníg í dvala. Þú finnur biblíu móður minnar á dragkistunni, en þú verður að koma nær rúminu, því nú heyri eg hvorki né sé eins vel og þegar þú komst.“

Drumsheugh setti upp gleraugun og leitaði eftir huggunargrein, en ljósbirtan féll á hendur

hans, sem skulfu, og andlit læknisins, þar sem skuggarnir voru nú að safnast.

„Móðir mín vildi alt af láta lesa þetta, þegar hún varð veik“. Og Drumsheugh byrjaði: „Í húsi föður míns eru mörg hóbýli“. En læknirinn tók fram í.

„Það er fagurt orð og móðir þín var heilög kona. En það er ekki fyrir mig og mína líka. Það er indælt, en eg þori ekki að eigna mér það. Láttu bókina aftur og láttu hana opnast sjálfkrafa; þá kemur þú ofan á nokkuð, sem eg hefi verið að lesa á hverju kveldi“.

Þá fann Drumsheugh líkinguna, þar sem meistarinn gefur oss álit guðs á farísea og iðrandi syndara og kom að orðunum:

„En tollheimtumaðurinn stóð langt frá og vildi ekki einu sinni hefja augu sín til himins, heldur barði sér á brjóst og sagði: Guð, ver þú mér syndugum líknsamur“.

„Þetta gæti hafa verið ritað fyrir mig, Pétur, eða einhvern annan gamlan syndara, sem kominn er að fram og hefir ekkert fyrir sig að bera. Það var ekki auðvelt fyrir mig að komast til kirkju, en eg hefði líklega getað það, ef eg hefði lagt nóg á mig. Eg talaði oft á annan veg en eg átti að gjöra, og hefði getað verið þýðlyndari og ekki eins skapstyggur. Eg sé það alt nú. En of seint að lagfæra. Segja mættir þú fólki, að aumur hafi eg verið út af þessu, en eg vona, að almáttugur guð verði mér líknsamur. Gætir þú—flutt dálitla bæn, Pétur?“

„Mig brestur orð“, sagði Drumsheugh í öngum sínum. „Vilt þú, að við sendum eftir presti?“

„Það er enginn tími til þess nú og eg vil heldur, að þú sjálfur — — það, sem þér býr í hjarta, Pétur; sá almáttugi veit alt hitt sjálfur“.

Svo kraup Drumsheugh á kné og baðst fyrir með mörgum hvíldum:

„Almáttugi guð — — vertu ekki harður við Vilhjálmi MacLure, því hann hefir ekki verið harður við neinn hér í Drumtochy. Vertu góður við hann eins og hann hefir verið góður við okkur í fjöratíu ár. Frammi fyrir þér erum vér syndarar. Fyrirgefðu honum það rangt, sem hann hefir gjört, og fær þú honum það ekki til skuldar. Hugsaðu um fólkið, sem hann hefir hjálpað — konurnar og börnin — og bjóð þú hann velkominn heim, hann þarf svo sárt á því að halda eftir alt dagsverkið. Amen“.

„Þakka þér fyrir, Pétur, og góða nótt. Hjartans trúlyndi vinur, réttu mér hönd þína, því verið getur, að eg þekki þig ekki aftur. Nú ætla eg að fara með bænina hennar móður minnar og sofna svo dúr, en þú fer ekki frá mér, fyrr en alt er búið.“

Svo hafði hann yfir þetta vers eins og hann hafði gjört á hverju kveldi alla æfi :

Í nótt, er sígur svefn á brá,
mér sjálfur drottinn veri hjá.
Ef, áður vakna, eg bið hel,
eg öndu mína drotni fel.

Þegar vindurinn feykti snjónum upp að glugganum í snöggri gusu, svaf hann vært; en alt í einu vaknaði hann í svefninum, ef svo má að orði komast. Einhver þurfti hans við.

„Ert þú úr Urtach-dal?“ Og einhver ókunnug rödd sýndist að hafa svarað honum. — „Er hún verri? Tekur hún mikið út? Það er ekki á-litlegt. Það var gott að þú komst. Framdyrunum verður ekki lokið upp fyrir snjó; far þú í kring, og þú kemst inn í eldhúsið; alt verður til á augnabliki. Haltu á ljóskerinu meðan eg söðla Mósu, og þú þarft ekki að koma fyr en með morgni; eg þekki veginn“.

Svo hélt hann áfram í svefni líknarerindum sínum, og barðist um í storminum.

„Það er ljóta nóttin, Mósa, og færðin þung. Getur þú séð fyrir fætur þér, greyið? Snjórinn gerir mig örvita. Bíddu við, meðan eg þukla eftir vegarskiftum; það er einhverstaðar hérna fram undan eða aftur undan“.

„Stöðug, greyið, stöðug; far þú nú ekki á kaf, við erum í snjófönn, en þú mátt ekki sökkva; komstu nú á fætur — þarna ert þú á veginum aftur.“

„Nú, það er niðdimm nótt og ill er hún við okkur bæði, en vesalings konan myndi deyja, ef við berjumst ekki áfram. Svona er það; eg veit vel, hvað eg er að segja“.

Við verðum að yfirgefa veginn og fara út á mýrina. Sandie getur ekki yfirgefið konuna til að koma til móts við okkur. Gá þú að þér, greyið, og far þú ekki ofan í gjóturnar.

„Þarna er húsið, svart í snjónum. Sandie, — maður, þú gerir okkur hrædd. Eg sá þig ekki bak við vallargarðinn. Hvernig líður konunni?“

Eftir dálitla stund tók hann aftur til máls.

„Þú ert nærri uppgefin, Mósa, og sjálfur er eg það líka; við erum bæði að verða gömul og næturferðirnar eiga ekki vel við okkur.

„Við komumst nú bráðum heim; þetta er svarti skógurinn og það er ekki langt þaðan. Við förum nú bráðum í bólið, Mósa.

„Þarna er ljósið í eldhúsglugganum; það er ekki að furða, þó þú hneggir. Það hefir verið ljóta ferðin; eg er uppgefinn, greyið, eg er kominn í dauðann“, og röddin smá-dó út.

Drumsheugh hélt hönd vinar síns, sem smá-prýsti hans, og meðan hann hafði ekki augun af honum, kom breyting yfir andlitið á koddanum hjá honum. Þreytudrögin hurfu, eins og guð hefði strokið hendi sinni yfir, og friðurinn varð meiri og meiri kring um lokuð augun.

Læknirinn hefir gleymt striti seinni ára og er horfinn aftur til drengjaáranna.

Drottinn er minn hirðir;
mig mun ekkert bresta.

hafði hann fyrir munninn sér, þangað til hann kom að síðasta versinu. Þá nam hann staðar.

Gæskan og líknin líf mitt alt
mig leiðir, hvert eitt skref.

„Mig leiðir — og — og — og — hvað kemur svo. Mamma sagði eg ætti að vera búinn með það, þegar hún kæmi heim. Eg kem áður þú ferð að háttu,

Villi, en þú fær engan koss, nema þú verðir búinn með sálminn.

Í húsi guðs --- um eilíf ár, --- eg ---

hvernig er þetta? Eg get ekki munað næsta orðið. Eg, eg, —

„Það er of dimt að lesa og mamma kemur bráðum“.

Drumsheugh, sem nú var í öngum sínum, hvíslaði honum í eyra :

„Eg athvarf — Vilhjálmur“.

„Svona er það, svona er það alt. Hver sagði það?“

„Í húsi guðs um eilíf ár
eg athvarf stöðugt hef.“

„Nú er eg búinn og nú fæ eg kossinn, þegar mamma kemur; eg vildi hún kæmi, því eg er þreyttur og mig langar til að sofa.“

„Þarna er fótatakið hennar, — og hún heldur á ljósi í hendi sér; eg sé það gegnum hurðina. Mamma, eg vissi, að þú myndir ekki gleyma drengnum þínum, því þú lofaðir að koma, og eg er búinn með sálminn minn.“

„Í húsi guðs um eilíf ár
eg athvarf stöðugt hef.“

„Kystu mig, mamma, því eg hefi verið að bíða eftir þér og bráðum er eg sofnaður.“

Gráleit dagsskíman gæggðist inn til Drumsheugh, sem enn þá sat og hélt í kalda hönd vinar síns. Hann blíndi á arininn; eldurinn hafði dáíð út og skilið eftir hvíta ösku. En friðurinn á ásjónu læknisins var friður þess, sem genginn er til hvíldar frá loknu dagsverki.

ÓHAPPA-ÓSKIN.

Eftir CATULLE MENDÈS.

Flækingsdrengur ráfaði berfættur og með flaksandi hár eftir veginum fyrir framan höll konungsins. Kornungur var hann og friður sýnum, með gulbjarta hárlokka, stór, dökk augu, varirnar fagurrjóðar eins og rós eftir rigningu. Sólinni virtist hafa þótt gaman að líta á hann og á töttrum hans var bjartari glampi en á silkifötum og flosklæðum tiginna karla og kvenna.

„Ó hvað hún er falleg!“ sagði hann hástöfum.

Hann hafði séð kóngsdótturina, Rósalindu; hún sat við gluggann sinn í veðurblíðundi og ekkert var heldur eins fagurt á jörðinni eins og hún. Hann stóð grafkyr og rétti handleggina upp að glugganum, eins og hann væri að teygja sig upp að glufu á himninum, þar sem hann sæi Paradís innan við. Og þar hefði hann staðið fram á nótt, ef varðmaður hefði ekki komið og barið hann með tvískelfdri exi og rekið hann burtu.

Hann fór og var niðurlútur. Nú fanst hon-

um alt vera dimt framundan sér og umhverfis sig, —sjóndeildarhringurinn, vegurinn, trén, sem stóðu í blóma. Nú sá hann ekki lengur Rósalindu. Honum fanst sólin vera dái. Hann settist undir eik í skógarbrúninni og fór að gráta.

„Hvað gengur að þér, barnið gott?“ spurði gömul kona. Hún kom út úr skóginum, bograðist áfram undir þungri byrgði af feysknum greinum.

„Það væri víst ekki mikið gagn að því að segja þér það! Þú getur ekkert fyrir mig gjört, konukind.“

„Þar skjátlast þér,“ sagði kerlingin.

Í sama bili rétti hún úr sér og fleygði frá sér byrðinni. Hún var þá ekki lengur gömul kerling, heldur álfkona, yndisleg eins og dagurinn. Hún var í silfurskikkju og hár hennar var skreytt blómum úr gimsteinum

„Ó álfkona!“ sagði flækingurinn og kraup á kné frammi fyrir henni. „Líknaðu mér í bágindum mínum. Eg sá kóngsdótturina. Hún sat við gluggann í góðviðrinu og síðan get eg ekki á heilum mér tekið.“

„Gott og vel!“ sagði álfkonan. „Ekki eru það mikil bágindi.“

„Gæti eg ratað í önnur meiri? Eg get ekki lifað, ef eg verð ekki maðurinn hennar.“

„Hvað ætti að vera því til fyrirstöðu? Rósalinda er engum lofuð.“

„Ó frú mín góð! Líttu á tötra mína og bera fæturna. Eg er fátækur drengur og bið beininga fram með veginum.“

„Gerir ekkert til! Hjá því getur ekki farið, að sá, sem elskar einlæglega, verði elskaður sjálfur. Svo er fyrir þakkandi, að þetta er eilíft lög-mál. Konungurinn og drotningin munu hrekja þig burt með fyrirlitning, hirðmennirnir munu draga dár að þér; en ef ást þín er einlæg, mun Rósalinda komast við af henni og eitthvert kveldið mun hún koma til þín, kafrjóð og fagnandi, þegar þjónarnir hafa rekið þig burt og sigað á þig hund-unum.“

Drengurinn hristi höfuðið. Hann trúði því ekki, að slík dásemd gæti fyrir komið.

„Varaðu þig nú!“ sagði álfkonan ennfremur. „Ástin kann því ekki vel, að menn efast um mátt hennar, og þér gæti hefnt fyrir trúleysið með einhverjum hrappallegum hætti. En hvað sem því líður, er eg fús á að hjálpa þér, af því að þú átt bágt. Óskaðu þér einhvers.“

„Eg óska mér þess, að eg sé voldugasti kóngssonur á jörðinni, svo að eg geti gengið að eiga kóngsdótturina, sem eg ann svo heitt.“

„Heyrðu góðurinn minn, hvers vegna varparðu ekki af þér áhyggjunum og tekur þig til og syngur ástarsöng undir glugganum hennar? En ósk þín skal rætast, eins og eg hef lofað. Samt verð eg að vara þig við einu.—Þegar þú ert hættur að vera það, sem þú ert nú, þá getur enginn töframaður, enginn álfkona, jafnvel ekki eg, gjört þig að því, sem þú hefir áður verið. Þegar þú ert orðinn kóngssonur, verður þú það alla þína æfi.“

„Heldurðu að manninn hennar Rósalindu

kóngsdóttur langi nokkurn tíma til þess, að fara að biðja beininga úti á þjóðvegum?"

„Eg óska þér farnist nú vel?“ sagði konan og varp öndinni mæðulega.

Þá snart hún öxl hans með gullsprota; og á einu augabragði varð hann að tígulegu glæsímenni, glampanði af silki og gimsteinum. Hann var kominn á bak ungverskum gæðingi og var í fararbroddi fyrir hirðmönnum með fjaðrahöttum. Þar á eftir komu liðsmenn í gullskreyttum herklæðum og þeyttu lúðra.

Ekki gat hjá því farið, að jafnglæsilegum kóngssyni væri vel tekið við hirðina. Honum var fagnað svo hjartanlega sem unt var. Heila viku voru veizlur og dansleikar og alls konar mannfagnaður honum til sæmdar. En hugur hans var fráhverfur þessum skemtunum. Dag og nótt hugsaði hann án afláts um Rósalindu. Hve nær sem hann sá hana, fann hann hjarta sitt fyllast fögnuði, Hve nær sem hún tók til máls, fanst honum hann vera að hlusta á guðdómlega hljótleika og einu sinni lá við, að yfir hann liði af fögnuði. Hún rétti honum þá hönd sína til þess að stíga dans með honum.

Eitt féll honum dálítið illa—hún, sem hann unni svo heitt, virtist ekkert taka eftir því, hvað títt hann gjörði sér um hana.—Oftast þagði hún með þunglyndissvip. Ekki lét hann samt af því áformi sínu að biðja hennar. Og geta má nærri, að foreldrar Rósalindu höfnuðu ekki jafnálitlegum tengdasyni

En því var nú ver og miður, að þessi mikli sögnuður varð ekki langgæður. Jafnskjótt sem Rósalindu var skýrt frá því, hverju foreldrar hennar hefði svarað biðlinum, hneig hún út af hálf dauðs í faðminn á skemmumeyjum sínum. Og þegar hún lifnaði við aftur, sagði hún með miklum ekka og harmalátum, að hún vildi engum giftast,—að heldur vildi hún týna lífinu, en eiga kóngssoninn.

Örvænting kóngssonar verður ekki með orðum lýst. Hann fór ekki eftir neinum hirðsiðum, heldur óð inn í herbergið, þar sem kóngsdóttirin hafði verið lögð, kraup á kné og fórnaði höndum.

„Vertu ekki svona harðbrjósta!“ æpti hann.
„Taktu þetta aftur. Annars ríður það mér að fullu.“

Hún lauk upp augunum hægt og svaraði seinlega, og einbeittlega hó:

„Áformi mínu getur ekkert breytt, kóngssonur! Eg giftist þér aldrei.“

„Hvernig stendur á þessu? Þú ert svo harðbrjósta að særa hjarta, sem engu ann nema þér. Hvaða glæp hefi eg drýgt, ef eg á aðra eins refsingu skilið? Efast þú um ást mína? Ert þú hrædd um, að eg muni einhvern tíma hætta að tilbiðja þig? Ó, ef þú gætir séð inn í hjarta mitt, myndir þú ekki framar efast og ekki framar óttast. Svo heit er ást mín, að hún gerir mig jafnvel samboðinn óviðjafnanlegri fegurð þinni. Og gangist þér ekki hugur við harmi mínum, getur ekkert læknað sorg mína annað en dauðinn.“

Grátbeiðni hans var ekki þar með lokið. Hann

sagði alt það, sem áköf sorg getur lagt á varir ástfangins manns. Rósalinda komst við, en ekki með þeim hætti, sem hann þráði.

„Þó att bággt, kóngssonur!“ mælti hún. „Ekki skal starfa á meðan mín minni, ef hún getur verið þér til huggunar í stað ástar minnar. Eg hef eina mikra ástæðu til að kvarta eins og þú. Sjálf er eg sömu ranninn.“

„Vís hvað altu, kóngsdóttir?“

„Ég mæta þér eiginorði af því eg ann vonarlaust ungun, hefættum flæking með flaksandi hár. Hann gekk fram hjá höll föður míns hérna um daginn, en hann hefir ekki komið aftur.“

JANKÓ OG FIÐLAN.

Eftir HENRYK SIENKIEWICZ.

I.

Hann kom í heiminn veikbygður og veill, Konurnar stóðu í hnapp utan um rúmið hans og hristu höfuð yfir móður og barni. Konan járnsmiðsins þóttist þeirra glöggskygnust og tók að hughreysta veiku konuna eins og bezt hún mátti.

„Vertu nú ekki óróleg,“ sagði hún. „Eg skal kveikja á vígðu kerti fyrir þig—því öll von er úti. Bú þig nú undir annað líf. Við verðum að senda eftir presti, til að þjónusta þig.“

„Guð komi til!“ sagði önnur, „það verður að skíra drenginn þegar í stað. Líf hans treinist líklega ekki þangað til presturinn kemur. Hann er heppinn, eg segi ykkur satt, ef sál hans verður ekki á sveimi um jörðinu, eins og óskírður andi.“

Með þessum orðum kveikti konan á vígðu kerti, tók barnið, stökki vígðu vatni á það, og kom augunum litlu til að depla. Svo hafði hún skír-arorðin yfir.

„Eg skrí þig í nafni föður, sonar og heilags anda—og þú átt að heita Jón—.Farðu nú, kristna sál, til þeirra heimkynna, er þú komst frá. Amen.“

En kristna sálin hafði alls enga löngun til að hverfa aftur til þeirra heimkynna, er hún var komin frá, né til að yfirgefa tenglugranna líkamann. Hún fór þvert á móti að sparka með litlu líkams-fótunum eins hraustlega og henni var unt, og að skæla, lágt og raunalega, svo skírnavottarnir fóru að segja, að barnið mjálmaði eins og köttur.

Presturinn var sóttur. Hann kom, framkvæmdi athöfnina og fór. Sængurkonan hrestist, og að viku liðinni var hún farin að vinna.

Líf barnsins hékk á veikum þræði. Menn urðu naumast varir við, að drengurinn drægi andann. En þegar hann var á fjórða árinu gól gaukurinn nokkurum sinnum um vorið yfir þakinu; honum fór að fara fram og á tíunda árið komst hann með þolanlegri heilsu.

Grannur var hann samt og linur. Maginn var belgdur upp, kinnarnar fallnar inn, og hárlubbinn eins og hampur á lit—eða jafnvel hvítari—og hékk niður í björtu augun, sem störfu út í veröldina eins og ómælilegan geim.

Á vetrum skreið hann á bak við ofninn, stynjandi af kulda og eigi sjaldan af hungri líka. Á sumrum hljóp hann fram og aftur í skyrtunni með vaðmálsbelti um mittið, hampkenda hárið lafði fram undan hatti, sem fléttaður var úr hálmi; en hann bar litla höfuðið hátt, eins og fugl.

Móðir hans var blásnauður leiguliði, sem sjaldan hafði til næsta máls, og kúrði eins og svala undir annarra þaki. Henni þótti líklega vænt um hann, eftir sínum hætti, þó hún lemdi hann æði-oft og væri vön að kalla hann umskifting.

Er hann var átta ára gamall, var hann þegar sendur burt til að gæta fjár. Eða hann var sendur langt út í skóg til að tína gorkúlur, ef ekkert var matarkyns heima fyrir. Það var mesta hepni, að úlfurinn gleypri hann ekki.

Hann var ekki neitt sérlega gáfaður drengur. Ef einhver talaði við hann, stakk hann fingrinum í munn sér, eins og sveitabörnum er tamt. Fólk þóttist hafa hugboð um, að hann yrði ekki langlífur, og gjörði sér síður far um að örfa vonir móður hans um, að hún myndi hafa mikla ánægju af honum, af því hann var ólíklegur til vinnu.

II.

Eigi er unt á að gizka, hvernig það vildi til, en hvernig sem á því stóð, hafði hann sterka tilhneiging til—hljóðlistar. Hann lagði eyrað við hvert hljóð, og eftir því sem eltist, hugsaði hann æ meir um hljóðfegurð og sönglist. Þegar hann var úti í skógi að gæta kinda, eða í berjamó með einhverjum stallbróðir, kom hann stundum berjalaus og stamaði :

„Ó, hve dýrlega er leikið á hljóðfæri úti í skóginum !“

„Eg skal leika eitthvað á þig, ónytjungurinn þinn !“ sagði móðir hans eitt sinn reiðulega og

framdi eins konar hljóðfæraslátt á honum með stórum súpuspæni.

Drengurinn æpti og lofaði að hlýða ekki oftari á hljóðfærasláttinn í skóginum. Þó hann héldi stöðugt áfram að hugsa um hljómfegurðina dýrlegu milli trjáanna.

Hver eða hvað gat verið að syngja þar? Hvernig gat hann vitað það? Furutrén, birkitrén, allt hvíslaði og söng,—allur skógurinn. Og svo var bergmálið líka.

Á vellinum sungu grasstráin. Í litla garðinum bak við kofann sungu spörvarnir, svo að kirsiberjatrén reglulega skulfu. Á kveldum bárust honum öll þau hljóð, sem unt er að heyra úti á landsbygðinni; þá fanst honum sem alt þorpið syngi.

Þegar hann var látinn breiða úr áburði, fanst honum vindurinn syngja í mykjukvíslinni; og sæi verkstjórinn hann standa aðgerðarlausan, með hár strokið frá enni, og leggja eyrað við, til að heyra sönginn í kvíslarálmunum, var hann vanur að þrifa ólina sína og gefa litla drengnokkanum fáein högg til endurminningar. En til hvers var það?

Meun kölluðu hann Jankó fiðlara.

Á vorin stalst hann burtu og skar sér hljóðpípu. Á kveldin þegar froskarnir skræktu, þegar kornhæurnar æptu út um engin, þegar drundi í stjörnuhegranum í náttfallinu, þegar hanarnir skrifu bak við skíðgarðana—gat hann ekki sofð,

heldur hlustaði og hlustaði. Guð einn veit, hvaða sönglög þessi hljóð mynduðu í sálu hans.

Móðir hans þorði ekki að fara með hann til kirkju, því þegar hljóðöldurnur frá organinu veltu sér sterklega yfir hann eða kjössuðu hann blíðum ómi, komu barninu annað hvert tár í augu eða endurskin frá öðrum heimi.

Vökumaðurinn, sem gekk fram og aftur um þorpið að nóttu til og taldi stjórnurnar til þess að sofna ekki, eða átti langt samtal við hundana, kom oftast en einu sinni auga á litlu, hvítu skyrtna hans Jankó, þegar hann flýtti sér á gestaskálann í myrkrinu. Inn fór dreng-greyið aldrei, en hnipraði sig saman upp við vegginn og hlustaði.

Inni snerust karlmenn og kvenfólk í kring í kátum dansi og margt gleðiópið hljómaði þar ungum mönnum úr hálsi. Jankó heyrði fótatakið og heimsku-kátínuna í stúlkunum. Frá fiðlunum ómaði angurbliót :

„Við erum svöng, við erum þyrst,
við látum glösin glamra fyrst“.

Og bass-fiðlan drundi þunglamalega undir :

Ef guð lofar! Ef guð lofar !

Ljósbertan glampaði í gluggunum, hver fjöl í herberginu sýndist titra, syngja, vera orðin að hljóðfæri. Og Jankó hlustaði. Hvað hefði hann ekki viljað gefa til að eiga hljóðfæri, er sungið hefði getað þýðum ómi:

Við erum svöng, við erum þyrst,
við látum glösin glymja fyrst.

Og svona söng í fjöllum! Hvar skyldi hann

geta fengið sér fiðlu — hvar skyldi þær vera búnar til? Ef þeir að eins vildi lofa honum að taka eina í hönd sér!

Fífldjarfa hugsan! Hann mátti að eins hlusta. Svo hélt hann áfram að leggja eyrun við, þangað til hann heyrði rödd vökumannsins að baki sér í myrkrinu:

„Heim með þig, litli flækingur!“

Þá stökk litla, berfætta greyið aftur heim til kofans og fiðluraddirnar fylgdu honum alla leið:

Við erum svöng, við erum þyrst,
við látum glösin glamlá fyrst.

Og djúpa röddin frá bass-fiðlunui drundi:

Ef guð lofar! Ef guð lofar!

Það var mikil háttíð fyrir hann að fá að hlýða á fiðluleik við uppskeru-gildi eða brúðkaup. Eftir á skreið hann á bak við ofninn og kom ekki dögum saman orð af munn. Hann einblíndi að eins fram fyrir sig glóbjörtum augum, eins og köttur í myrkri.

Loks bjó hann sér til fiðlu úr þakspónum, og hafði hrosshár fyrir strengi. En það kom ekki eins fagurt hljóð úr hljóðfærum hans og fiðlunum á gistihúsinu. Það lét svo lágt í strengjunum — mikils til of lágt. Þeir suðuðu eins og flugur eða mý.

Samt sem áður lék Jankó á fiðlu sína frá morgni til kvelds og fekk hann þó högg svo mörg og hnippingar, að hann var eins og óþroskað epli með einlægum meiðslum. En honum var þetta í blóðinu; hann gat ekki gjört að því.

III.

Drengurinn varð æ holdgrannari, brjóst og kinnar féllu saman meir og meir. Belgingurinn í maganum varð meiri, hárlubbinn enn þykkri, augun starblínđu enn þá meir og voru oft döpur af tárur.

Hann var ekkert líkur öðrum börnum; hann var líkari fiðlunni hans, sem sönglaði og suðaði, svo að tæplega heyrðist. Og fyrir uppskeruna var hann nærri dauður úr hungri, af því hann hafði nálega ekki annað að leggja sér til munns en hráar næpur, en sat með þrá eftir að eignast fiðlu.

En því miður, þráin hans hafði engar góðar afleiðingar.

Kjallaravörðurinn á höfuðbólunni átti fiðlu, sem hann lék stundum á í rökkrinu til að þóknast laglegu griðkonunum. Jankó skreið gegnum skógarðinn fast upp að kjallaradyrunum til að hlusta eða minsta kosti til að koma auga á fiðluna. Hún hékk á veggnum beint gegn dyrunum.

Það var eins og sál drengsins flygi til fiðlunnar út um augun. Því honum fanst hún helgidómur, sem ekki mátti nálgast og hann eigi vera verður að snerta, jafnvel þó ekkert á jörðu væri honum jafn kært.

En sárari þrá fekk nú vald yfir honum. Hann tók að langa til að fara höndum um hana, að minsta kosti eitt skifti, og virða hana gaumgæfilega fyrir sér eins nærri og þurfti. Vesalings barnshjartað skalf af fögnuði við tilhugsanina eina.

Kveld eitt var enginn í kjallaranum. Fólkið hafði verið að heiman um nokkurn tíma og húsið var tóm. Kjallaravörðurinn sat því hinum megin götunnar hjá einhverri blómarós bæjarins.

Umfeðmingsviðurinn faldi Jankó, þar sem hann horfði lengi gegnum opnar dyr, á markmið vona sinna.

Tunglið skein í fyllingu gegnum gluggann inn í herbergið, beint á vegginn, sem gegut honum var. Smám saman færðist skinið nær fiðlunni og loks lýsti það hana upp alla líka. Hún varð svo björt, að Jankó nærri svimaði.

Hann gat nú virt fyrir sér hverja smáögn á hljóðfærinu, bognu hliðarnar, strengina, íbjúga handfangið. Typpin glóðu eins og eldflugur, boginn var eins og silfursproti.

Ó, það var alt svo indælt, nærri töfrandi! Jankó blíndi með meiri og meiri ákafa. Hann hnipraði sig saman innan um vafningsviðinn, studdi ölnbogum á mögru knén og hélt augnum föstum við blettinn.

Eitt augnablik var hann eins og negldur til jarðar af ótta; næsta augnablik hratt óviðráðanleg löngun honum áfram. Voru gjörningar í spili? Í geisladyrðinni sýndist fiðlan þokast nær eins og hún væri að fljóta gegn um loftið til hans.

Stutta stund hvarf glampinn, einungis til þess að koma aftur enn bjartari en áður. Töfrar, saunarlegir töfrar! Stöðugur andvari lék í trjánum og hreyfði þau lítið eitt; vafningsviðurinn hvíslaði og Jankó heyrði hann greinilega segja:

„Far þú, Jankó! Það er engin lifandi sál í kjallar anum. Farðu!“

Nóttin var björt og fögur. Niður við tjörnina í listigarði höfuðbólsins tók næturgali að syngja og segja, stundum lágt og stundum hátt :

„Áfram, Jankó. Taktu 'ana!“

Ráðvandur næturhrafn flaug í hring yfir höfði barnsins og krunkaði :

„Gerðu það ekki, Jankó! Gerðu það ekki!“

Hrafninn flaug burt, næturgalinn varð eftir og vafningsviðurinn hvíslaði greinilegar en áður :

„Enginn er þar!“

Fiðlan kom enn í ljós á veggnum í dýrlegri birtu.

Varlega rendi raunalegi drengurinn sér hálf-boginn nær, en næturgalinn söng :

„Áfram, Jankó! Taktu 'ana!“

Litla hvíta skyrtan kom nú í ljós nær dyrunum. Svörtu viðarleggirnir huldu hana ekki lengur. Á þrepskildinum mátti heyra þungan andardrátt barns, sem ilt var fyrir brjósti.

Augnabliki síðar var litla hvíta skyrtan horfin; að eins einn ber fótur var eftir á þrepskildinum. Það var árangurslaust að hrafninn flaug aftur fram hjá með sama aðvörunarhróp :

„Gerðu það ekki, Jankó; gerðu það ekki!“

Jankó var þegar kominn inn í kjallarann!

Froskarnir í tjörninni fóru alt í einu að skrækja, eins og þeir hefði orðið hræddir við eitt hvað. Svo þögnuðu þeir aftur. Næturgalinn hætti að syngja og vafningsviðurinn að hvísla.

Jankó smápokaðist nær og nær með dæma-
lausri varfærni.

Alt í einu kom einhver skelfing yfir hann. Á meðan hann lá í leyni á bak við viðarhríslurnar fanst honum hann vera heima hjá sér, álíka og villidýri í skógarbæli sínu, nú fanst honum hann vera eins og villidýr, sem komið er í gildru.

Hreyfingar hans urðu nú örar, andardrátturinn kom í gusum; hann var allur í myrkri. Breitt, þrumulaust leiftur lék um himininn frá austri til vesturs og varp skyndiljósi inn í herbergið, sem gerði Jankó litla sýnilegan, þar sem hann var að hoppa yfir til fiðlunnar, nærri því á fjórum fótum, en höfuðið reigt á bak aftur.

Eftir leiftrið niðamyrkur aftur. Ský dró fyrir tunglið; ekki var unt að sjá neitt né heyra. En alt í einu kom viðkvæmt, angurblítt vein gegnum myrkrið, eins og einhver hefði óvart snortið streng. Og alt í einu kom klunnalegt hljóð úr svefnrofum úr horni herbergisins og grenjaði reiðulega :

„Hver er þar ?“

Jankó stóð á öndinni, en klunnalega röddin tók upp aftur :

„Hver er þar ?“

Ljós á eldspýtu flögraði upp við vegginn. Það varð bjart í herberginu, og svo, — ó guð minn góður ! — svo kom blótsyrði, högg, barnshljóð, hróp og köll, hundgá, karlmenn á hlaupum. Alt húsið í uppnámi.

IV.

Á öðrum degi eftir þetta var vesalings Jankó leiddur til réttarhalds fyrir bæjardómaranum.

Átti að sakfella hann eins og þjóf? Vissulega! Dómarinn og aðstoðarmenn hans horfðu á hann standa þarna, með fingurinn í munninum, starblíandi augu, hræddan, veimiltítulegan, holdlausan, skitinn, meiddan, án þess að gera sér grein fyrir hvar hann var eða til hvers menn ætluðust af honum.

Hvernig getur nokkur fengið sig til að kveða upp dóm yfir aumingja barns-ræfli, naumast tíu ára gömlum, sem varla er fær um að standa á fótum?

Ætti að senda hann í fangelsi? Þrátt fyrir alt verða menn að vera börnunum líknsamir. Látum næturvörðinn taka hann og berja með stafnum sínum, svo hann steli ekki aftur, og málinu vera lokið um leið.

Samþykkt!

Stakk, næturvörður, var kallaður. Hann kinkaði sínum heimska dýrs-kolli, stakk Jankó undir handarkrika sér eins og ketti og bar hann út í hlöðu.

Annaðhvort skildi drengurinn ekki hvað þetta átti að þýða, eða hann var of hræddur til að biðjast vægðar. Hvernig sem á því stóð, sagði hann ekki eitt orð, en leit í kringum sig eins og óttasleginn fugl. Hann hefir líklega ekki rent grun í, hvað Stakk ætlaði sér að gera við hann.

Ekki fyr en Stakk greip óþyrmilega til hans í hlöðunni, fleygði honum flötum, hélt upp litlu skyrtunni og tók að láta högginn rigna á bak hans — rak hann upp nokkurn skræk.

„Mamma!“ hljóðaði hann við hvert högg. „Mamma, mamma!“ en veikara rómi hvert skifti en áður. Loksins hætti hann að hljóða algerlega.

Vesalings sprungna fiðlan!

Stakk, asninn þinn, þú illi, illi maður! Hver myndi berja barn svona? Barnið hefir ávalt verið lítið og veiklulegt og naumast getað haldið í sér golunni.

Loks kom móðirin og tók barnið með sér. Hún varð að bera hann heim. Daginn eftir reis hann ekki úr rekkju og daginn þar á eftir dró hann rólega síðustu andtökin á hörðum legubekk, með hesta-ábreiðu yfir sér.

Svölurnar tístu í kirsiberjatrénu fyrir utan gluggann, sólargeisli skaust gegnum rúðuna og helti sínu gullna flóði yfir hárlubbann og litla barnsandlitið, sem enginn blóðdropi sást eftir í.


Sólargeislinn var brautin, sem barnssálin átti að fara. Sæll var hann, að geta lagt breiðan ljósgeislann undir fót á augnabliki dauðans, því í þessu lífi hafði hann orðið að ganga óslétta og örðuga þyrni-braut.

Flata brjóstið bifaðist enn þá ofur-hægt og í andliti barnsins sýndist vera endurskin af hljóðöldum heimsins fyrir utan, sem inn hafa komið gegn um opinn gluggann.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street 14609 USA
Rochester, New York
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

Það var um kveldið. Þegar bændastúlkurnar hurfu heim frá heyskapnum, sungu þær : "Í laufgrænum skógi", og ómurinn frá hjarðpípum, sem blásið var á niður við lækinn, barst inn. Síðasta sinn lagði Jankó eyrun við söng og hljóðfæraslætti þorpsins. Við hlið hans, ofan á hesta-ábreiðunni, lá fiðlan, sem hann hafði skorið úr þakspæni. Alt í einu varð auglit hins deyjanda barns bjartara og fölvar varirnar hvísluðu :

„Mamma !“

„Hvað viltu, drengurinn minn?“ spurði móðirin, sem ekki mátti mæla fyrir gráti.

„Guð verður svo góður, að hann gefur mér reglulega fiðlu í himninum, heldur þú það ekki?“

„Ójú, barnið mitt; ójú !“

Þetta var alt, sem móðirinni var unt að svara. Því upp frá harða brjóstinu hennar braust allur sársauki, sem þar hafði safnast fyrir, og hún stundi óumræðilega sárt :

„Ó Jesús, Jesús Kristur !“

Hún féll á grúfu ofan á brjóst barnsins og tók að gráta hátt eins og sú, sem dauðinn er að svipta dýrmætustu eign.

Þegar hún reisti upp höfuðið og leit framan í barnið, voru augu litla fiðluleikarans opin, en hreyfðust ekki ; andlitið var alvarlegt, dapurt, stirðnað. Sólargeislinn var horfinn.

Hvíl þú í friði, Jankó !

Daginn eftir kom fólkið á höfðingjasetrinu úr ferð sinni til Ítalíu, unga hefðarmærin ~~Mia~~ og

herramaðurinn, sem var að leita ráðahags við hana.

Biðillinn sagði á frönsku :

„Mikið dýrðar-land er Ítalía !“

„Og ættstofninn listamenn! Það er ánægjan mesta að leita snillinganna þar og slá verndarhendi yfir þá“, svaraði hin unga mæ.

Birkitrén létu laufin skjáfa yfir gröfni hans Jankó !

GESTUR TÖFRAMANNSINS.

Eftir ókunnan höfund.

Fagur haustdagur var að kveldi kominn og kveldskuggarnir voru teknir að falla yfir Flórensborg. Þá heyrðist lágt en snögglega barið að dyrum *Cornelluss Agrippa*. Skömmu síðar var ókunnur maður leiddur inn í stofuna, þar sem spekingurinn sat yfir bókum sínum.

Þó hinn ókenni maður væri íturvaxinn og kurteis í látbragði, var eitthvað dularfult og undarlegt við hann, sem gjörði mann hræddan eða jafnvel hratt manni frá honum.

Eigi var auðvelt að gizka á aldur hans; mörk elli og æsku blönduðust saman í andliti hans með undarlegum hætti. Hvorki á vöngum hans né enni var nokkur hrukka og í stóru, dökku augunum hans var glampi fjörs og æsku. En íturvaxni líkaminn var boginn af byrði árána, eftir því sem út leit. Hárið var grátt, þó það væri þykt og bústið og röddin var veikluleg og titrandi, en þó var í henni hreimur, sem hreif og gekk til hjarta.

Hann var búinn eins og herra menn í Flórens; en í hendi hélt hann sprota eins og þflagrímur og silkilinda var bundið um mitti hans með austurlenzkum rúnum.

Andlit hans var fölt eins og dauðinn, en allir voru drættir þess sérlega fagrir; í því gjörði dýpsta speki og sárasta hugarkvöl vart við sig.

„Fyrirgefðu mér, hálærði herra,“ sagði hann við spekinginn; „frægðu yðar hefir borist til allra landa og er komin öllum fyrir eyru, og eigi mátti eg yfirgefa svo hina frægu Flórens-borg, að eg ekki leitaði viðtals við þann, sem er stærsta hrós hennar og veglegasta þryði.“

„Verið þér marg-velkominn, herra,“ svaraði Agrippa.

„Eg hefi heyrt furðulegar frásögur,“ hélt hinn dularfulli gestur áfram, „um sjaldgæfa skuggsjá, sem listfengi yðar hefir smíðað. Hver, sem í hana horfir, fær að sjá fjarlæga eða látna vini, sem hann þráir aftur að líta. Augu mín sjá ekkert í þessum útvortis sjónarheimi, sem þeim þóknast.“

„Gröfin hefir lokast yfir öllu, sem eg unni. Alt, sem eitt sinn var mér til fagnaðar, hefir straumur tímans flutt að feigðarósi, í eitt skifti enn langar mig til að líta andlit, sem eg elskaði. Mig langar að líta alt, sem eg hefi elskað og orðið að missa. Sú endursýn væri hjarta mínu dýrmætari en alt, sem heimurinn hefir að bjóða,— nema gröfin, nema gröfin.“

Þessi áköfu bænarröð hins ókunna manns höfðu þau áhrif á Agrippa, sem eigi var vanur

að sýna öllum kraftaverk listar sinnar, er girntust að líta, þó oft væri hans freistað með höfðinglegum gjöfum,—að hann lét að síðustu tilleiðast að láta undan þrábeiðni þessa sjaldgæfa gests.

„Hvern girnist þú að sjá?“ spurði hann.

„Barnið mitt, yndið mitt, hana Maríu!“ svaraði hinn ókunni maður.

Þegar í stað lét Agrippa birgja hvern ljósglampa úti frá herberginu, lét gestinn standa sér til hægri hliðar og tók að syngja, lágum rómi en þýðum, ljóð á tungu, sem enginn skildi, og fanst gestinum smám saman vera tekið undir; en hljóðið var svo dauft og óskírt, að hann vissi naumast, hvort það ætti sér stað nema í ímyndan hans.

Meðan Agrippa hélt áfram að syngja, varð herbergið smám saman ljómað upp af birtu, en eigi var unt að gjöra sér grein fyrir, hvaðan ljósið kom.

Loks gat komumaður glögt greint stóra skuggsjá, sem náði yfir allan fjarlægasta vegg herbergisins. Yfir hana sýndist þétt mistur eða ský snögglega líða.

„Dó hún í heilögu hjónabandi?“ spurði töframaðurinn.

„Hún var jungfrú, hrein eins og mjöllin.“

„Hve mörg ár eru liðin síðan gröfin lokaðist yfir henni?“

„Mörg, mörg—fleiri en eg hefi nú tíma til að telja.“

„En,“ sagði Agrippa, „eg verð að vita. Fyrir hvern áratug, sem liðinn er eftir dauða hennar,

verð eg að sveifla sprota þessum einu sinni, og þegar eg hefi sveiflað honum síðasta skifti, mun mynd hennar birtast þér í skuggsjánni þarna.

„Sveiflaðu áfram,“ sagði komumaður og stundi þungan; sveiflaðu áfram og varast þú að þreytast.“

Agrippa blíndi á hinn undarlega komumann af nokkurri bræði; en hann fyrirgaf honum kurt-eisisskortinn, vegna hörmunganna, sem honum þótti líklegt, að yfir hann hefði dunið. Hann sveiflaði töfrasprota sínum mörgum sinnum, en hann virtist hafa glatað mætti sínum. Hann sneri sér aftur að komumanni og kallaði hástöfum:

„Hver og hvað ertu, maður? Koma þín gjörir mér órótt. Eftir öllum reglum listar minnar tákna sveiflur sprotans nú þegar tvisvar tvö hundruð ár og samt sem áður hefir engin tilbreyting verið sjáanleg í skuggsjánni. Ert þú að draga dár að mér og hefir sú mannvera aldrei lifað, sem þú hefir lýst fyrir mér?“

„Halt þú áfram að sveifla, sveifla!“ var eina svarið, stutt og hrjóstugt, sem kom frá komumanni.

Þó Agrippa væri sjálfur töframangari, varð hann nú forvitinn og tók að óspekjast, en dularfullur ótti aftraði honum að hætta að sveifla sprotanum, þó hann efaðist mjög um einlægni gestsins. Þegar hönd hans tók að lýjast, heyrði hann komumann hrópa digrum og alvarlegum rómi:

„Sveifla þú enn, sveifla þú enn!“

Loks er töfrasprotinn hafði táknað meir en tólfhundruð ára bil, leið skýið frá yfirborði skugg-

sjárinna; komumaður reis á fætur með fagnaðar-
ópi og mændi hugfanginn á það, sem nú bar fyrir
augu.

Útsýn, óumræðilega dýrleg og fögur, opnaðist
fyrir augum hans. Í fjarska risu há fjöll, vaxin
sedrusviði upp á brúnir; straumhörð elfur rann
niður í miðju og fremst mátti líta úlfalda á beit.
Lækur suðaði þar hjá og svalaði sauðfé þar þorsta
snum; hátt pálmaviðartré var þar, og í skugga
þess ung kona, forkunnar fögur, í kostulegum bún-
ingi austurlenzkum; hún leitaði sér þar skjóls fyr-
ir hádegissólunni.

„Það er hún! Það er hún!“ æpti komumaður;
hann æddi að skuggsjánni, en Agrippa aftraði
honum og sagði:

„Varastu, hugsunarlaus maður, að hreyfa þig
úr stað. Við hvert spor. er þú stigur nær skugg-
sjánni, verður myndin daufari, og kæmir þú of
nærri, myndi hún hverfa með öllu.“

Fyrir þessa viðvörun nam hann staðar. En
svo var geðshræring hans mikil, að hann varð að
styðjast armi spekingsins til að verjast falli og
smám saman hrukku honum af vörum samhengis-
laus hróp undrunar, fagnaðar og hugarangurs.

„Það er hún! Það er hún, alveg eins og hún
leit út í lifanda lifi. Hve fögur hún er! Guð
komi til, hún hvíkar og brosir! Ó tala þú við mig
eitt einasta orð. Þó eigi sé nema andvarp eða
stuna.—Æ! ekkert nema þögn; dimt og dapurt
eins og mér er í hjarta. Og aftur brosið! Þetta
bros,—yfir endurminninguna um það hafa þúsund

vetur ekki getað látið ís leggja í hjarta mínu. Gamli maður, það er ekki til neins að aftra mér lengur. Eg verð, eg skal taka hana í faðm mér.“

Um leið og þessi síðustu orð flugu honum af vörum, æddi hann sem óður væri að skuggsjánni. En nú hvarf sýnin öll. Yfirborð hennar varð aftur hulið skýi og komumaður féll meðvitundarlaus til jarðar.

Þegar hann vaknaði við aftur, var hann í örmum Agrippa, sem laugaði gagnaugu hans og horfði á hann, lostinn undran og ótta. Hann reis þá á fætur með nýjum kröftum, tók í hönd gisti-vinar síns og sagði :

„Þökk, þökk fyrir kurteisi og mánnúð og fyrir hina yndislegu sýn, sem augu mín hafa litið, þó hún vekti harma mína.“

Um leið og hann talaði þessi orð, lét hann pyngju í hönd Agrippa, en hann fékk honum hana aftur og sagði :

„Nei, nei, eig þú sjálfur gull þitt, vinur. Eg er ekki viss um, að kristinn maður megi taka við því. En hvernig sem því er farið, áljt eg það vera endurgjald nóg, ef þú segir mér, hver þú ert.“

„Sjá!“ sagði komumaður og benti á stóra mynd af sögulegum viðburði, sem hékk vinstra megin í herberginu.

„Það er,“ mælti spekingurinn, ágætt listaverk eftir einn helzta listamann vörn, sem sýnir frelsarann bera krossinn.“

„En gæt þú nú betur að,“ sagði komumaður og festi hvössu augun dökku með ákafa á honum ;

hann benti á mannsmynd til vinstri handar á málverkinu.

Agrippa horfði og sá með undran það, sem hann hafði aldrei áður veitt eftirtekt; átakanlega líking milli þessarar myndar og komumanns; það var nærri því eins og mynd af honum tekin.

„Þetta,“ sagði Agrippa og fór hrylling um hann, „á að tákna ógæfusama trúleysingjann, sem laust guðlega píslarmanninn höggi fyrir að ganga eigi með meiri hraða og var þess vegna dæmdur til að ganga sjálfur um á jörðunni til endurkomu hans, sem píslina leið.“

„Það er eg; það er eg!“ æpti komumaður upp yfir sig; hann æddi út úr húsinu og var skyndilega horfinn.

Þá varð Agrippa þess vísari, að hann hafði átt tal við Gyðinginn gangandi.

KJÖRSONURINN.

*Saga úr frakknesku sveltalífi.
Eftir GUY DE MAUPASSANT.*

Tveir kotbæir stóðu hlið við hlið neðst í brekku í dálftilli sumarhvíldarstöð við sjóinn. Bændurnir í báðum glímdu baki brotnu við ófrjóan jarðveg, til að hafa ofan í krakkahópinn, og átti hvor fjóra.

Fyrir framan dyrnar lék allur hópurinn sér og ólmaðist liðlangan daginn. Þau elztu tvö voru sex ára, þau yngstu fimtán mánaða. Báðir höfðu bændur þessir gifzt um sama leyti og hjá báðum fjölgað í sama mund.

Mæðurnar þektu naumast, hvað hvor átti í þessari þvögu og feðurnir vissu hvorki upp né niður. Átta nöfn sveimuðu í huga þeirra ; þau voru ávalt að grautast saman. Þegar þeir ætluðu að kalla á eitt barnið, nefndu þeir oft þrjú nöfn, áður þeir hittu á hið rétta.

Í öðru kotinu bjuggu Tuvache-hjónin, þau komu frá sjávarböðunum við Belleport ; þau áttu þrjár stúlkur og einn dreng. Í hinu kotinu áttu

Vallins-hjónin heima. Þau áttu eina stúlku og þrjá drengi.

Til viðurværis hafði fólk þetta súpu og jarðepli og—loftið, og átti í herkjum. Klukkan sjö að morgni, um nónbil og náttmál smöluðu konurnar kjúklingum sínum saman til verðar, eins og gæsa-hirðar smala saman hjörð sinni. Börnin settust eftir aldri framan að tréborði, sem bar með sér að hafa verið notað í fimmtíu ár. Munnar yngstu smælingjanna náðu eigi jafn-hátt borðinu. Fyrir framan þau var sett djúp skál full af brauði, sem bleytt hafði verið upp í kartöplu-soðinu, hálfu kálhöfði og þrem laukum, og allir angarnir átu þang að til hungrið hvarf. Hið minsta varð móðirin sjálf að mata.

Á sunnudögum var dálítið kjöt, sem soðin hafði vera súpa af, öllum hátíðamatúr. Þann dag sátu feðurnir lengur að verði og sögðu aftur og aftur: Það ætti við mig að hafa svona mat á hverjum degi.

Í ágústmánuði sfoðegis nam léttur vagn staðar fyrir framan kotbæi þessa og ung kona, sem hafði taumhaldið, sagði við herra mann, er sat við hlið henni:

„Nei, sko, Henrí, allan krakkahópinn. Hvað þau eru falleg, þó þau velti sér svona í moldinni!“

Maðurinn svaraði ekki. Hann var þessum aðdáunar-upphrópum vanur, var ekkert um þau og leið illa. Konan unga hélt áfram:

„Eg má til með að taka þau á fang mér. Ó,

skelfing væri gaman að eiga eitt þeirra—þetta þarna—yrmlinginn þenna!”

Hún stökk ofan úr vagninum, hljóp til barnanna, þreif eitt hið yngsta—Tuvache-hjónin áttu það. Hún hóf það upp á fang sér, kysti það ákaft á skitnu kinnarnar og á flókna hárið, sem fult var mold. Og á litlu lummurnar, er hann baðaði með af öllum mætti, til að losast við þessi blóðuatlot, sem hann hafði ógeð á.

Svo steig hún upp í vagninn aftur og ók burt í skyndi. En hun kom aftur næstu viku, settist í hlaðvarpann, tók dreng-angann á fang sér, troðfyllti hann sætu brauði, gaf hinum brjóstsykur og lék sér við þau eins og dálítil stelpa, meðan bóndi hennar beið þolinmóður í laufletta vagninum.

Hún kom aftur, komst í kunningskap við foreldrana, kom á hverjum degi með vasa fulla sætindum og smáskildingum.

Hún hét frú *Henri d'Hubrieres*.

Eitt sinn er hún kom árdegis, steig bóndi hennar ofan úr vagninum með henni. Hún gekk nú beint inn í bóndabýlið, án þess að nema staðar hjá börnunum, sem nú þektu hana vel.

Hjónin voru að kljúfa við, til að sjóða við súpuna. Þau réttu sig upp með furðusvip, buðu stól og biðu forvitin.

Konan hóf máls, skjálfandi röddu og sundurlausum orðum:

„Vinir mínir, eg kem til ykkar, af því mig langar — eg skyldi taka litla drenginn af ykkur — fara með hann með mér —“.

Bændahjónin svöruðu engu; þau voru sem steini lostin og gátu ekkert hugsað.

Hún náði sér aftur og hélt áfram : „Við erum tvö ein, maðurinn minn og eg. Við skyldum sjá um hann —. Viljið þið.

Bóndakonan fór nú að renna grun í, hvað væri á seyði, og spurði :

„Þér viljið taka hann Kalla af okkur? Ónei, það verður ekkert af því!“

Þá tók d'Hubrieres, herramaðurinn, fram í:

„Konan mín hefir ekki gert vel grein fyrir erindi sínu. Okkur langar til að gera hann að kjörsyni okkar, en hann gæti komið við og við að finna ykkur. Verði hann nýtur maður, eins og öll ástæða er til að ætla, arfleiddum við hann. Ef við skyldum eignast börn, skal hann erfa til jafns við þau. En launi hann fóstrið illa, skulum við gefa honum, er hann nær lögaldri, tuttugu þúsund franka, sem lagt verður á banka í hans nafni. Um ykkur höfum við líka hugsað, og skulum við greiða ykkur fram á dánardægur hundrað franka á mánuði. Hafið þið nú skilið mig til fullnustu?“

Konan var staðin á fætur og réð sér ekki fyrir bræði.

„Þið viljið, að eg selji ykkur hann Kalla? Ónei. Það er dá-snoturt að fara fram á slíkt við —móður. Ónei. Það væri svívirðing!“

Bóndinn sagði ekkert, en var þungbúinn og hugsí. Hann samsinti orðum konu sinnar með því að kinka kolla.

Frú d'Hubrieres brugðust vonir; hún tók að

gráta. Hún sneri sér stamandi til bónda síns; grátstafur var í rödd hennar, eins og rödd barns, sem vant er við að fá allar óskir uppfyltar.

„Þau ætla ekki að gera það. Henri, þau ætla ekki að gera það“.

Þá gerði hann síðustu atrennuna: „En, vinir mínir, hugsið þið um framtíð barnsins, velferð drengsins, um —“

En bóndakonan var samt full bræði og tók fram í:

„Við höfum hugsað um alt, skilið alt. Farið út og látið mig ekki sjá ykkur hér aftur, — skárri er það, að ætla að fara að taka frá mér barnið!“

Þá mundi frú d'Hubrieres eftir því, að þarna voru tvö börn önnur, miklu minni, og spurði með tár í augum og þrákelkni þeirrar konu, sem ekkert getur látið á mótí sér og búið er að spilla með ofmiklu dekri, hvort hún gæti ekki fengið annað.

Tuvache gamli svaraði; „Nei, nágrannar okkar eiga hann. Þið getið farið til þeirra, ef ykkur sýnist“. Og hann gekk aftur inn í bæinn og barst þá út bræðisfull rödd konu hans.

Vallins-fólkið sat að borðum; það var í makindum að maula nokkurar brauðsneiðar; dálitlu súru smjöri var klínt ofan á af mikilli sparsemi, og lágu sneiðarnar á diskum fyrir framan þau.

D'Hubrieres, herramaðurinn ókunni, tók aftur fram tilboð sitt, enn ísmeygilegar, með meiri mælsku og fortölulist.

Bændahjónin hristu höfuð sín, til merkis um að þau höfnuðu þessu tilboði. En er þeim skild-

ist, að þau ætti að fá hundrað franka á hverjum mánuði, fóru þau að hugsa sig um, ráðfæra sig með augnráðinu hvort við annað, og voru í miklum vanda. Þau þögðu langa stund og sýndu, að sá á kvöl, sem á völ. Loks spurði konan : „Hvað lízt þér, bóndi minn?“ Með nokkurum spekingssvip svaraði hann : “Það er ekkert skammar-boð !”

Frú d'Hubrieres titraði af angist, og fór að tala um framtíð barnsins, um hvað hann skyldi eiga gott og um peningana, sem hann gæti gefið þeim síðar.

„Verður þessum tólfhundrað-franka-iðgjöldum lofað á skjalavarðar strifstofu?“

„Vissulega, og byrja á morgun“, svaraði d'Hubrieres.

Konan hélt áfram meðan hún var að velta þessu fyrir sér :

„Hundrað frankar á mánuði er eigi nóg fyrir missi barnsins. Það færi að vinna eftir nokkur ár; við verðum að fá hundrað og tuttugu franka.

Frú d'Hubrieres hoppaði upp af óþolinmæði og tók því feginsamlega, og af því hún vildi fá barnið með sér, fekk hún þeim hundrað franka að gjöf, meðan maður hennar ritaði sannings-skjalið.

Og gleðin skein út úr þessarri ungu konu, er hún bar drenghnokkann háorgandi brott eins og óþarfa, sem vakið hefir ágirnd manns, og borinn er út úr búð.

Tavache-hjónin stóðu í dyrnun og sáu hana fara ; þögul, þungbúin, sáu ef til vill eftir að hafa hafnað.

Af Jóni litla Vallin heyrðist ekkert frekar. Foreldrar hans gengu á skrifstofuna í hverjum mánuði til að veita viðtöku hundrað og tuttugu frönkum, og þau voru nágrönnum sínum reið, af því Tuvache-konan hafði stórkostlega sært tilfinningar þeirra með því að staglast á því bæ frá bæ, hvílíkur glæpur það væri að selja barnið sitt; að það væri hræðilegt, tuddalegt og þar fram eftir götunum. Stundum tók hún Kalla á fang sér með migilfenglegum bliðuatlotum, og sagði við hann, eins og barnið skildi :

„Eg seldi þig ekki. Ó nei. Eg seldi þig ekki, kartan mín ! Eg er ekki rík, en eg sel ekki börnin mín !“

Vallins-hjónin áttu góða daga fyrir styrkinn. Þess vegna voru Tuvache-hjónin svo ákaflega reið; þau lifðu við vaxandi örbirgð. Elzta dóttirin fór frá þeim í vinnu. Kalli var einn heima að hjálpa föður sínum gömlum við slitvinnu, til þess móðir þeirra og tvær systur gæti lifað.

Hann var orðinn tuttugu og eins árs. Þá nam eitt sinn skínandi skrautvagn staðar fyrir framan kotbýlin tvö. Ungur herramaður steig út, með gullúr og keðju, og rétti hönd sína aldraðri konu, grárri fyrir hærnum. Þessi aldraða kona sagði við hann : „Það er þarna, barnið mitt, við hitt húsið“. Og hann gekk inn í kothýsi Vallins-hjónanna eins og ætti hann þar heima.

Gamla konan var að þvo svunturnar sínar. Húsbóndinn var orðin hrumur og svaf í horninu

við ofninn. Bæði litu upp og ungi maðurinn sagði :

„Góðan dag, faðir minn ! Sæl vert þú, móðir mín !“

Þau stóðu á fætur felmtursfull. Í fátinu lét bóndakonan sáþuna falla niður í vatnið og stam- aði út úr sér :

„Er það þú, barnið mitt ? Er það þú barn ?“

Hann vafði hana örmum og þrýsti að brjósti sér og tók upp aftur : „Sæl vert þú, mamma“. En öldungurinn, sem allur skalf á beinum, sagði með stillingunni, sem aldrei hafði yfirgefið hann : „Hér ert þú þá kominn aftur, Jón,“ eins og hann hefði verið þar fyrir mánuði.

Þegar þau voru farin að kynnast, langaði foreldrana til að fara með drenginn út í nágrennið og sýna. Þau fóru með hann til borgarstjórans, prestsins og skólameistarans.

Kalli stóð á þröskuldi kotbýlisins og horfði á eftir honum, er hann gekk fram hjá.

Við kveldverð sagði hann við foreldra sína : „Þið voruð ljótlega heimsk að láta Vallinsdrenginn verða fyrir slíku happi“.

Móðir hans svaraði með vanalegu stíflyndi : „Eg vildi víst ekki selja barnið mitt !“

Faðir hans sagði ekkert. Sonurinn hélt áfram :

„Það var mikil óhamingja, að þið skylduð fórna mér með þessu móti“. Þá sagði Tuvache gamli reiðilega :

„Ætlar þú að fara að ávíta okkur fyrir að

hafa alið þig upp?“ Og ungmennið svaraði aftur kuldalega :

„Já, eg get ekki annað en láð ykkur, að hafa verið svo miklir fátáðlingar !“

„Foreldrar eins og þið eru orsök í ófarsæld barna sinna. Það er réttast, eg fari frá ykkur“.

Gamla konan grét yfir diskum sínum. Hún stundi sárt um leið og hún kyngdi hverjum súpu-spæni og setti helminginn niður: „Til þess 'arna slíta menn öllum kröftum við uppeldi barnanna!“

Þá sagði drengurinn hranalega: „Mér finnst, að heldur hefði eg aldrei viljað vera til, en vera það, sem eg er ; þegar eg sá hinn piltinn, hætti hjarta mitt að slá: Þarna getur þú séð, hvað þú sjálfur ættir að vera“.

Hann stóð á fætur : „Lítið á, eg held það væri réttara fyrir mig að vera hér ekki lengur. Eg yrði ef til vill frá morgni til kvelds að ásaka ykkur um þetta og afla ykkur sorgar. Þið skiljið hve erfitt myndi fyrir mig að gleyma þessu“.

Gömlu hjónin þögðu, horfðu í gaupnir sér — tárin hrundu.

„Nei, hugsunin um þetta rói mér of þungbær“, hélt hann áfram. „Það betra fyrir mig að vinna fyrir mér einhvers annars staðar“.

Hann opnaði dyrnar. Fagnaðarómur barst inn.

Vallins-hjónin voru að halda fagnaðar-gildi út af heimkomu sonarins.

